



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

ÁRSSKÝRSLA AKUREYRARBÆJAR 2010





Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

ÁRSSKÝRSLA AKUREYRARBÆJAR 2010



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2011
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir, Gunnar Frímannsson og Ragnar Hólm.
Ljósmyndir:	Fasteignir Akureyrarbæjar, Ragnar Hólm Ragnarsson, Ragnhildur Aðalsteinsdóttir o.fl.
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent

Menningarhúsið Hof var vígt í ágúst 2010 og er nýtt kennileiti í bænum. Myndirnar sem prýða ársskýrsluna að þessu sinni lýsa byggingarsögu hússins.

EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	4
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Akureyrarstofa	5
Búsetudeild	6
Fasteignir Akureyrarbæjar	7
Fjármála- og hagþjónusta	8
Fjölskyldudeild	9
Framkvæmdadeild	10
Heilsugæslustöðin	11
Íþróttadeild	11
Samfélags- og mannréttindadeild	13
Skipulagsdeild	13
Skóladeild	15
Starfsmannþjónusta	18
Öldrunarheimili	20
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2010	22
Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	23
Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja	23





Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 17.563 hinn 1. desember 2009 og 1. desember 2010 voru þeir orðnir 17.728 hafði fjölgað um 165 eða um 0,94%. Karlar voru 8.752 og konur 8.976.

Frá 2. desember 2009 til 1. desember 2010 fæddust 309 börn en 101 bæjarbúi lést. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir frá 2. desember 2009 til 1. desember 2010 1.203 en aðfluttir til bæjarins 1.160 þ.e. brottfluttir umfram aðflutta voru 43.

Flutningar innan bæjarins voru 2.114 á árinu 2010.

Elsti íbúi bæjarins var Ingibjörg Hugrún Gook 101 árs, fædd 11. ágúst 1909.

Ávarp bæjarstjóra

Ágætu Akureyringar!



Að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2010 var ljóst að hér í bæ höfðu mikil tíðindi átt sér stað. Einn flokkur fékk hreinan meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar og meðal kosningaloforða hans var að ópólitískur bæjarstjóri yrði ráðinn til starfa. Ákvað ég að sækja um starfið og varð þeirrar gæfu aðnjótandi að vera ráðinn.

Við nýjum meirihluta blasti hið örðuga verkefni að halda áfram hagræðingu í rekstri við þau erfiðu skilyrði sem ríkja í þjóðfélaginu um þessar mundir en um leið að halda áfram að treysta grunngerð samfélagsins og efla þjónustu við bæjarbúa.

Mér virðist hvort tveggja hafa tekist í öllum helstu atriðum, eins og víða kemur fram í ársskýrslu Akureyrar fyrir árið 2010, enda hafði rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs verið viðunandi og heldur áfram að vera góð. Það ber að þakka samstilltu átaki Akureyringa og ekki síst alls starfsfólks Akureyrarbæjar sem oft og tíðum hefur fært miklar fórnir en ávallt lagst á eitt um að tryggja góðan rekstur sveitarfélagsins við þröngar aðstæður.

Akureyri hefur mikilvægu hlutverki að gegna á landsvísi hvað varðar þjónustu á öllum sviðum, atvinnulíf og verslun. Ég tel að framtíð okkar sé björt ef áfram tekst að virkja samtakamáttinn og samstöðu íbúa bæjarins og þeirra sem kjörnir eru til forystu í bæjarmálum.


Sjálfur er ég einkar þakklátur þeirri miklu velvild sem ég hef fundið fyrir frá því ég tók við starfi bæjarstjóra. Nú er bráðum ár síðan ég tók við því embætti og hef ég hvarvetna mætt þægilegu viðmóti, átt hreinskiptar viðræður við fjölda manns og hlotið góða hvatningu þeirra allra. Það ber að þakka.

Akureyri í apríl 2011,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri


Stjórnkerfi Akureyrarbæjar

Fastanefndir bæjarstjórnar 2007



Deildir og yfirstjórn Akureyrarbæjar

Yfirstjórn sveitarfélagsins var breytt þannig á haustdögum 2010 að framkvæmdastjórn og starf bæjarritara voru lögð niður.



Kosningar

Bæjarstjórnarkosningar fóru fram 29. maí 2010. Kosnið var á þremur stöðum í sveitarfélaginu, á Akureyri, í Hrísey og í Grímsey. Kjörstaður á Akureyri var í Verkmenntaskólanum, í Hrísey í Hríseyjarskóla og í Grímsey í félagsheimilinu Múla. Á kjörskrá voru 12.775 og atkvæði greiddu 9.537 eða 74,65%. Alls kusu á kjörstað 8.518 og utan kjörfundar kusu 1.019, aukir kjörseðlar voru 310 og ógildir 28. Kjörfundur hófst kl. 9.00 og lauk kl. 22.00 og talningu atkvæða var lokið kl. 1.15 eftir miðnætti.

Samhliða bæjarstjórnarkosningunum í Grímsey var kosnið um hunda- og kattahald í eyjunni og varð niðurstaða þeirra kosninga sú að samþykkir hundahaldi voru 20 og andvígir 33. Samþykkir kattahaldi í eyjunni voru 3 og andvígir 47. Einn seðill var ógildur og einn auður.

Í framboði voru 6 listar. Listarnir voru A-listi Bæjarlistans, B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, L-listi L-listans, lista fólksins, S-listi Samfylkingar og V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Hlutu þeir atkvæði og fulltrúa sem hér segir (úrslit frá 2006 eru tilgreind innan sviga):

A-listi	799 atkv.	1 fulltrúi	(bauð ekki fram 2006)
B-listi	1.177 atkv.	1 fulltrúi	(1.427 atkv.1 fulltrúi)
D-listi	1.220 atkv.	1 fulltrúi	(2.950 atkv.4 fulltrúar)
L-listi	4.142 atkv.	6 fulltrúar	(906 atkv. 1 fulltrúi)
S-listi	901 atkv.	1 fulltrúi	(2.190 atkv.3 fulltrúar)
V-listi	960 atkv.	1 fulltrúi	(1.506 atkv.2 fulltrúar)
(O-listi	299 atkv.	enginn fulltrúi)	

Bæjarstjórn og bæjarráð

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar var haldinn 15. júní. Geir Kristinn Aðalsteinsson var kosinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Halla Björk Reynisdóttir var kosin 1. varaforseti og Hermann Jón Tómasson 2. varaforseti. Ný bæjarstjórn hélt 9 fundi á árinu og nýtt bæjarráð hélt 27 fundi á árinu. Fyrsti fundur nýs bæjarráðs var haldinn 24. júní. Oddur Helgi Halldórsson var kjörinn formaður bæjarráðs.

Í bæjarráði 12. ágúst var lögð fram tillaga um að Eiríkur Björn Björgvinsson yrði ráðinn bæjarstjóri á Akureyri kjörtímabilið 2010-2014 og var sú tillaga samþykkt.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa fer með menningar-, markaðs-, ferða- og atvinnumál fyrir hönd Akureyrarbæjar. Árið 2010 var þriðja heila árið í starfsemi og einkenndist starfið nokkuð eins og fyrri árin af aukinni þátttöku í þróun ferðaþjónustu í bænum.

Ferða- og markaðsmál

Akureyrarstofa kom að fjölmörgum verkefnum á sviði ferðamála. Tekin voru mikilvæg skref í markaðssetningu Akureyrar sem ráðstefnubæjar, gefinn var út nýr bæklingur um Akureyri og nokkrir aðilar tóku saman þátt í IMEX-ráðstefnukaupstefnunni í Frankfurt í Þýskalandi. Þá skipulagði Akureyrarstofa heimsókn helstu ráðstefnu- og fundaskipuleggjenda í Reykjavík til Akureyrar.

Gerðar voru ferðamannakannarnir í Grímsey og Hrísey í fyrsta skipti og munu niðurstöður þeirra gagnast við frekari þróun og uppbyggingu á þjónustu í eyjunum. Þá var ráðinn starfsmaður í hlutastarf í Grímsey til að veita ferðamönnum upplýsingar og afla heimilda í því skyni að bæta upplýsingagjöf enn frekar.

Með samstilltu átaki Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, Akureyrarstofu og helstu ferðaþjónustuaðila tókst að fá Vestnordenferðakaupstefnuna til Akureyrar. Hún var haldin á Akureyri 15.-17. september í Íþróttahöllinni og Menningarhúsinu Hofi. Þátttakendur voru 581, þar af voru 389 söluaðilar og 124 kaupendur. Bládamenn og opinberir gestir voru 68. Frankvæmdin þótti takast vel og ráðstefnan sýndi vel þá kosti sem Akureyri getur boðið sem ferðamannabær.

Markaðssamstarfið „Komdu norður“ hélt áfram og fjölgaði þátttakendum í því og nú leggja um 120 fyrirtæki og þjónustuaðilar því lið. Þá fluttist upplýsingamiðstöð ferðamanna í Menningarhúsið Hof en hún er nú rekin af Akureyrarstofu.

Atvinnumál

Sumardaginn fyrsta voru veitt athafna- og nýsköpunarverðlaun Akureyrarbæjar í fyrsta skipti. Féllu þau í skaut fyrirtækjunum RAF sem fær viðurkenningu fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf og SS Byggi fyrir athafnasemi og kraftmikla starfsemi.

Sérstakur starfshópur um atvinnumál tók til starfa á kjölfar sveitarstjórnarkosninga sem í átta sæti fulltrúar allra framboða. Vann starfshópurinn tillögur um skipan atvinnumála hjá Akureyrarbæ og auglýsti eftir verkefnisstjóra atvinnumála sem tók til starfa á Akureyrarstofu í desember. Starfshópurinn skilaði svo endanlegum tillögum sínum í ársbyrjun 2011.

Sérstök átaksverkefni á vegum Akureyrarstofu héldu áfram og voru um 40 einstaklingar ráðnir í fjölbreytt verkefni í 3-6 mánuði. Áfram dró úr atvinnuleysi milli ára. Að jafnaði voru 936 manns án atvinnu á Norðurlandi eystra á árinu en voru 1.046 á árinu 2009.

Menningarmál

Í mars var gerður tveggja ára samningur við Menningarfélagið Hof um rekstur Menningarhússins Hof. Félagið er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var á árinu 2008 og voru stofnaðilar um 30 einstaklingar, menningarstofnanir og aðilar úr atvinnulífi. Lokið var við byggingu hússins á sumarmánuðum og var það vígt á Akureyrarvöku þann 28. ágúst. Fjölbreytt opunarhátíð var haldin í kringum Akureyrarvöku og í vikunni á eftir. Eftirspurn og aðsókn fór fram úr væntingum en um 100.000 gestir komu á viðburði, tónleika, leiksýningar, ráðstefnur og fundi á fyrstu 5 mánuðunum í rekstri þess.

Á Amtsbókasafninu var starfsemi með hefðbundnu sniði, útlán voru 233.288 og jukust um 2.101 frá árinu áður. Gestir voru 122.069 og fækkaði þeim um 5.506 á milli ára. Flestir komu í júlí en fæstir í desember. Væntanlega má rekja fækkun gesta til þess að minna var um viðburði á vegum safnsins en undanfarin ár. Engu að síður var sýningarhald og fyrirlestrarstarf öflugt. Settar voru upp 10 sýningar og má þar nefna til dæmis: List án landmæra, tvær sýningar frá Goethe Institut, sýningu um Einar Kvaran og 60 ára afmælisýningu leikskólans Pálmholts en þar lagði það m.a. til kvikmynd





Ágúst 2006

sem Eðvarð Sigurgeirsson tók af starfinu í Pálmholti 1952. Í tilefni af 35 ára afmæli kvennafrídagsins í október voru sett upp sýningarspöld með myndum og úrklippum frá fyrri kvennafríðögum. Þá tók safnið þátt í norræna skjaladeginum 13. nóvember með því að senda sýningarefni á sameiginlegan vef skjalasafnanna. Safnið stóð fyrir námskeiði um engla í samvinnu við Jón Björnsson og fyrirlestraröð um hrúnið og heimspekina í samvinnu við Félag áhugamanna um heimspeki á Akureyri.

Á Héraðsskjalasafninu var aðsókn svipuð og undanfarin ár þar sem 658 manns heimsóttu safnið, 524 karlar og 134 konur. Viðskiptavinir fengu afnot af 2.242 skjalanúmerum á lestrarsal og er þá ótalin notkun skjala við upplýsingaleit og svörun fyrirspurna fyrir þá sem komu ekki á staðinn. Afhendingar skjala til safnsins árið 2010 voru 89 talsins en voru 81 árið á undan.

Sumardaginn fyrsta var að venju tilkynnt um viðurkenningar stjórnar Akureyrarstofu. Björn Þorláksson hlaut starfslaun listamanna til 6 mánaða. Arkitektastofan Kollgáta hlaut byggingarlistaverðlaun fyrir vel útfærða viðbyggingu á funkishúsi í Helgamastraeti 3 og arkitektinn Ágúst Hafsteinsson hlaut sömu viðurkenningu fyrir Glerárvirkjun, stöðvarhús Norðurorku í Glerárgili. Heiddís Norðfjörð rithöfundur, Ingi Rafn Jóhannsson söngvari og Arngrímur Jóhannsson athafnamaður fengu viðurkenningu Menningarsjóðs fyrir mikilvægt framlag til menningarmála í bænum.

Listasumar var haldið í 18. sinn en það er fóstorað af Menningarmiðstöðinni í Listagili. Þar var blómleg starfsemi. Í Ketilhúsinu og Deigluinni voru samtals um 136 viðburðir og er áætlað að gestir hafi í heildina verið um 11.536. Listasumri lauk að venju með glæsilegri Akureyrarvöku í lok ágúst en hún er haldin þann laugardag sem næst liggur afmæli Akureyrarkaupstaðar.

Listasafnið á Akureyri stóð fyrir 6 sýningum á árinu. Almennir gestir voru 17.935 og nemendur í safnafræðslu 1.654. Vinsælasta sýningin var Ásmundur Sveinsson og samtímamálarar sem var sumarsýning safnsins og fékk 5.612 gesti en þar á eftir sýningin Guðir og menn, sýning Kens Oppran og Bláadaljósmyndarafélags Íslands, sem 2.736 manns heimsóttu.

Í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands urðu þau kaflaskil að hljómsveitin flutti starfsemi sína í Menningarhúsið Hof. Hljómsveitin skipuagði og tók þátt í 25 tónleikum; 6 almennum tónleikum, tveimur í samstarfi við Græna hattinn og 17 skólátónleikum. Þá kom hljómsveitin fram á opnunaráttíð Hofis á Akureyrarvöku. Fyrstu tónleikar SN í Hofi voru svo daginn eftir þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik.

Minjasafnið á Akureyri stóð fyrir fjölmörgum sýningum og viðburðum á árinu og veitti margvíslega þjónustu á sviði munavörslu. Safninu bárust

margir nýir safngripir að gjöf á árinu, bæði gripir og ljósmyndir. Slíkar gjafir eru burðarstólpi safnkostsins. Þá var eins og áður haldið úti öflugri safnkennslu fyrir öll skólastig. Aðalsýning Minjasafnsins var ljósmyndasýningin Fjár sjóður – tuttugu eyfirskir ljósmyndarar 1858-1965. Settar voru upp þrettán aðrar sýningar af ýmsum toga og umfangi bæði innan veggja safnsins og utan. Safnið stóð að 30 viðburðum, oft í samstarfi við aðrar menningarstofnanir og einstaklinga. Stöðvinir Minjasafnsins og Laufáshópur Handræðans tóku virkan þátt í viðburðum og er aðkoma þeirra og starfsemi orðin að fyrirmynd fyrir fjölmargar innlendar menningarstofnanir. Heildargestafjöldi Minjasafnsins, Nonnahúss og Laufáss var 34.106, þar af sóttu Minjasafnið heim 14.757, gamla bæinn í Laufási 13.983 og Nonnahús 5.366.

Starfsemi Leikfélags Akureyrar gekk ágætlega á leikárinu 2009-2010. Félagið stóð fyrir sextán sýningum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra, ásamt því að reka sinn eigin leiklistarskóla fyrir ungt fólk og aðstoða skóla- og áhugaleiksýningar á svæðinu. Tvær af sýningum félagsins voru einnig sýndar í Reykjavík við góðan orðstír. Gestafjöldi á leikárinu var tæplega 28.000 og fjölsóttasta sýningin var gamanleikurinn 39 þrep með um 10.000 gesti.

Búsetudeild

Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að stýrja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem edlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, búsetuþjónusta við fatlaða á sambýlum og í þjónustukjörmum, skammtímavistun fatlaðra, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjubjálfa og heilsueflandi heimsóknir til aldraðra. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum.

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Í kjölfar efnahagskreppunnar og aðhaldsaðgerða í heilbrigðiskerfinu hefur þörf fyrir heimaþjónustu aukist. Notendum þjónustunnar fjölga ekki milli ára en þeim fjölga sem þurfa mikla aðstoð, t.d. daglega eða oft á dag. Þjónustan skiptist í tvo hluta, Heimaþjónusta A og Heimaþjónusta B. Heimaþjónusta A sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og alls fengu um 550 heimili slíka þjónustu á

árinu. Heimþjónusta B sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 klst. þjónustu á viku eða þurfa eingöngu þjónustu utan dagvinnutíma og í árslok fengu 33 einstaklingar slíka þjónustu. Heimþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimþjónustu og heimahjúkrunar.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðum sem þurfa félagslega aðstoð við að rjúfa einangrun. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Alls fengu 107 einstaklingar liðveislu á árinu um lengri eða skemmri tíma, 67 fullorðnir og 40 börn. Yfirleitt fær hver notandi um 10-16 tíma þjónustu á mánuði. Aukin spurn var eftir félagslegri liðveislu á árinu. Mun auðveldara var að fá fólk til starfa við liðveislu en oft áður en starfsmenn eru allir tímaráðnir. Fljótlega varð ljóst að fjárveiting ársins myndi ekki nægja til að veita öllum þjónustu ef miða ætti áfram við sama tímafjölda á hvern notanda. Reglum var því breytt frá 1. mars 2010. Nýju reglurnar eru mun ítarlegri en fyrri reglur. Verklagsreglur hafa verið fléttaðar inn í reglurnar svo að verklag og forgangsróðun verði aðgengilegri og skýrari fyrir umsækjendur. Sett var nýtt viðmið um hámarkstíma, 120 tíma á ári í stað 192 tíma áður. Heimilt er að veita undanþágur frá þessu viðmiði, t.d. þegar um er að ræða börn/fjölskyldur sem ekki nýtist önnur þjónusta sem þau eiga kost á. Ennfremur var opnað fyrir þann möguleika að útfæra megi þjónustuna öðruvísi en „maður á mann“ eins og hingað til hefur tíðkast. Talið er að liðveisla í litlum hópum geti nýst mörgum vel og jafnframt leitt til einhverrar hagræðingar þannig að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til þjónustunnar nýtist fleirum.

Búsetuþjónusta fyrir fatlaða sem búa í þjónustuíbúðum eða sambýlum var í nokkuð föstum skorðum á árinu. Alls nutu 67 einstaklingar slíkrar þjónustu, þar af níu á áfangenheimili fyrir fólk sem hefur átt við gedraskanir að stríða. Búsetuþjónustan snýst um að aðstoða fatlað fólk við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Á miðju ári var tekið í notkun lítið sambýli þar sem eru tveir íbúar sem þurfa umfangsmikla þjónustu. Viðbótarfjármagn kom frá ríki vegna þessa. Biðlistar eftir búsetu lengdust lítillega á árinu. Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem ekki óska eftir búsetu strax og/eða eru þegar í búsetu var 21 einstaklingur á virkum biðlista í árslok.

Skammtímaþjónusta fatlaðra er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fatlað fullorðin fólk sem býr enn í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Bóðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtímaþjónusta veitti alls 20 einstaklingum þjónustu á árinu, þar af voru tíu yngri en 18 ára, fjórir á aldrinum 19-25 ára og sex eldri en 25 ára. Undanfarin ár hefur notendum heldur fækkað en á móti kemur að þeir eru meira fatlaðir en áður og þurfa meiri þjónustu. Húsnæði skammtímaþjónustunar við Skólástíg 5 er á þremur hæðum og hentar ekki nægilega vel fyrir starfseminna, bæði vegna aðgengis- og öryggismála. Reynt hefur verið að knýja fá um úrbætur, þ.e. fá framlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til nýbyggingar, en án árangurs.

Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra eru tvær, í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Félagsstarfið er ætlað 60 ára og eldri og er starfsemin afar fjölbreytt og í stöðugri mótun. Starfsemin var með svipuðu sniði og undanfarin ár en alltaf er þó bryddað upp á einhverjum nýjungum. Að venju var bóðið upp á ýmis námskeið sem nutu mikilla vinsælda og komust færi að en vildu. Útsaumur sem er í boði tvisvar í viku var einnig mjög vinsæll. Þar má læra gamalt íslenskt handverk eins og harðangur og klaustursaum. Aðsókn að félagsstarfinu jókst og töluvert af nýju fólki bættist í þann stóra hóp sem sækir félagsmiðstöðvarnar reglulega. Svo virðist sem meðalaldur þeirra sem taka þátt í starfinu fari lækkandi þótt ekki séu til neinar töluugar upplýsingar um það ennþá. Í notendaráði sitja 10 kjörnir fulltrúar þeirra sem sækja starfseminna og meðalaldur í ráðinu er 73 ár. Í Bugðusíðu hefur Félag eldri borgara aukid verulega aðkomu sína að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og stendur í vaxandi mæli fyrir fræðslu, námskeiðum og hópstarfi. Mikil og góð samvinna er á milli félagsins og félagsmiðstöðvanna. Dagskráin er því þéttskipuð alla virka daga og húsnæði allt að því fullnýtt.

Dagþjónusta fyrir aldraða í Víðilundi getur tekið á móti 16 gestum í senn. Dagþjónustan er mikilvægt stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagþjónustan er á verkswiði ríkisins og rekin af bænum með daggjöldum frá ríki. Bóðið er upp á flutningsþjónustu til og frá heimili notandans, tómsundaiðu, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þróun undanfarinna ára er í þá átt að notendur eru að jafnaði eldri en áður og með

minni líkamlega og andlega færni. Þjónustuna nýttu alls 59 einstaklingar á árinu, 46 konur og 13 karlar. Meðalaldur notenda var 82,9 ár. Dagþjónustan annar ekki eftirspurn og í lok ársins biðu níu einstaklingar eftir að komast að og auk þess biðu átta notendur eftir aukningu, þ.e. fleiri dögum í viku.

Heilsueflandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og ekki njóta umfangsmikillar þjónustu, er boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni á ári, auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af ríkinu í gegnum samning um rekstur heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, að stuðla að sjálfstrausti og auka öryggiskenn og að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum og um þjónustu sem í boði er. Þjónustan er talin vera mikilvæg samskiptaleið milli íbúa og þjónustukerfisins. Árið 2009 var dregið úr starfsemi í kjölfar niðurskurðar á fjárveitingum ríkisins til HAK og var þjónustan áfram skert á árinu 2010. Í árslok voru stöðugildin 1,3 en voru áður 2,0. Seinka hefur þurft tilboði um fyrstu heimsókn vegna þessa og ljóst að bæta þarf við fjárveitingar til þjónustunnar til að halda því þjónustustigi sem stefnt er að.

Rekstur deildarinnar gekk almennt vel á árinu og var innan fjárheimilda. Þann góða árangur má fyrst og fremst þakka starfsmönnum sem hafa lagst á eitt við að hagræða um leið og leitast er við að halda áfram að veita góða þjónustu. Meginstyrkur deildarinnar hefur lengi verið að hafa á að skipa starfsfólki með reynslu og áhuga á að gera sitt besta á degi hverjum. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 302 í 168,34 stöðugildum. Af þessum 302 voru 83 tímaráðnir til starfa í félagslegri liðveislu. Karlar voru 82 í 46,3 stöðugildum og konur 220 í 122,04 stöðugildum. Karlar eru þannig 23% starfsmanna í 27% stöðugilda og konur eru 77% starfsmanna í 73% stöðugilda.

Málefni fatlaðs fólks, þ.e. sérþjónusta við fatlaða, fluttust frá ríki til sveitarfélaga um áramót 2010-2011 og fór töluvert tími og orka starfsmanna í undirbúning þess flutnings. Þjónustan sem fluttist til hefur um árabil verið í höndum Akureyrarbæjar samkvæmt þjónustusamningum við ríkið en þrátt fyrir það kallaði yfirfærslan á umfangsmikla vinnu m.a. við gagnaöflun. Akureyrarbær bauð nágrannasveitarfélögum upp á aðild að þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks en lágmarksmannfjöldi á slíku svæði er 8.000 íbúar. Í desember var gengið frá samningi um þjónustusvæði milli Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Hof menningarhús

Menntamálaráðherra og bæjarstjórnir á Akureyri undirrituðu 7. apríl 2003 samkomulag um byggingu menningarhúss á Akureyri. Samkeppni um hönnun þess var haldin á árinu 2004, framkvæmdir við jarðvegsskipti hófust haustið 2005 og húsið var formlega vígt 27. ágúst 2010. Um er að ræða stærstu einstöku framkvæmd sem Fasteignir Akureyrarbæjar hafa unnið að frá stofnun. Með húsinu opnast nýir möguleikar fyrir stóra og smáa listviðburði og aðstoða Tónlistaskólans á Akureyri stórabatnar. Einnig aukast til mikilla muna möguleikar á að halda á Akureyri stórar ráðstefnur, innlendar sem alþjóðlegar, og viðburði af ýmsum toga.

Meginmarkmið með byggingu Hofsmenningarhúss var að skapa verðugan ramma um menningar- og tónlistarlíf á Norðurlandi, upplýsingamiðstöð, veitingahús, ráðstefnu- og sýningarhald. Byggingin er á áberandi stað á fyllingu á mótum Standgötu og Glerárgötu og er strax orðin að kennileiti í bænum sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Húsið er að formi til hringur og í gegnum það liðast Gilið sem skiptir húsinu í tvennt, aðalsalurinn að austan og fjölnota salur og upplýsingamiðstöð að vestan. Tónlistarskólinn á Akureyri hefur aðsetur á þriðju hæð hússins. Í aðalsalnum eru sæti fyrir um 500 áhorfendur og er hann nýttur fyrir tónlist, leiklist og ráðstefnur. Minni salurinn, sem nýttur er m.a. af Tónlistarskólanum fyrir ýmsar uppákomur og sýningar, rúmar um 220 manns. Auk þessa er í húsinu forsalur, veitingahús, upplýsingamiðstöð og aðsetur Akureyrarstofu. Húsið er hið glæsilegasta, búið fullkomnum búnaði fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.

Heildarstærð byggingarinnar er 7.413 m² og er heildakostnaður með fjármagnskostnaði um 3,5 milljarðar króna og greiddi ríkissjóður þar af um 960 milljónir króna.



Íþróttamiðstöð Giljaskóla

Árið 2004 gerðu Akureyrarbær og Fimleikaráð Akureyrar samkomulag um uppbyggingu á aðstöðu fyrir fimleika. Ákveðið var að byggja saman fimleika- og íþróttahús við Giljaskóla. Í framhaldi af því var ákveðið að verða við óskum stjórnenda Giljaskóla um að bæta aðstöðu fyrir fjölfötluð börn við skólann með því að setja upp heitan pott í tengslum við búningaástöðu fyrir íþróttahús.

Hafist var handa við hönnun á árinu 2007 og verkið boðið út í mars 2008. Fyrsta skóflustungan var tekin fyrir húsinu þann 4. júní 2008. Framkvæmdir hófust í beinu framhaldi og voru verklok á haustdögum 2010.

Húsið er norðan Giljaskóla og er innangengt í skólann um neðanjarðar-tengigang milli húsanna. Í húsinu er rúmgóður forsalur og anddyri þar sem er afgreiðsla fyrir fimleika- og íþróttahús. Salurinn er hinn glæsilegasti og nýtist til fimleikakennslu, íþróttaiðkunar og til samkomuhalds. Hann skiptist í fimleikasal og leikfimisal.

Húsið gjörbreytir allri aðstöðu fyrir þá sem iðka fimleika auk þess sem hann nýtist vel fyrir íþróttakennslu og samkomuhald fyrir skólann. Heildarstærð hússins er um 2.723 m² og er framkvæmdakostnaður með búnaði áætlaður kr. 990 milljónir og er búnaður þar af um 120 milljónir kr.

Hjúkrunarheimili við Vestursíðu

Akureyrarkaupstaður og félags- og tryggingarmálaráðuneytið undirrituðu 11. maí 2010 samning um byggingu húss fyrir 45 hjúkrunarými á Akureyri. Akureyrarbær tekur að sér að byggja húsnæðið og ráðuneytið að greiða 85% af húsaleigu.

Nokkur umræða varð um staðsetningu hjúkrunarheimilisins og voru margir kostir skoðaðir. Valið stóð í lokin á milli lóðar í Naustahverfi og lóðar við Vestursíðu. Eftir umfjöllun um málið ákvað bæjarstjórn að hjúkrunarheimili yrði byggt við Vestursíðu. Kostir við þá staðsetningu eru að húsið mun rísa í grónu hverfi í nágrenni við skóla sem fellur vel að þeirri hugmyndafræði sem starfað er eftir á hjúkrunarheimilum á Akureyri.

Hjúkrunarheimilið verður byggt og rekið samkvæmt Eden Alternative hugmyndafræðinni sem hefur verið að ryðja sér til rúms víða um heim. Hugmyndafræðin leggur áherslu á að öldrunarheimili séu heimili þeirra sem þar búa. Áhersla er á sjálfstæði íbúanna, virðingu, einstaklingsmiðaða þjónustu og að fólki finnst lífið hafa tilgang þrátt fyrir heilsuleysi.

Við hönnun er áhersla lögð á að skapa aðstöður sem líkjast sem mest einkaheimilum fólks. Hjúkrunarheimilið verður samsett af fimm heimilum en á hverju þeirra búa níu heimilismenn saman, hver í sinni íbúð. Öll rými eru einbýli með möguleika á því að tveir einstaklingar geti búið saman í íbúð. Hver íbúð hefur svefnkrók, setustofu og rúmgott badherbergi. Hverri íbúð fylgir aðgangur að verönd. Á hverju heimili er sameiginlegt rými sem er setustofa og borðstofa með eldunaraðstöðu. Sameiginleg rými skulu þjóna öllum íbúum heimilisins og starfsmönnum þess.

Byggingin verður á einni hæð og eru einingur og miðrymi tengd saman með tengingangi. Í miðrymi verður salur, sjúkrahjálfun, iðjubjálfun og heilsulind. Við hjúkrunarheimilið verða skjólgóðir lokaðir garðar til útivistar fyrir heimilismenn og gesti.

Hönnun hófst á árinu 2010 og verða framkvæmdir boðnar út vorið 2011. Verklök eru áætluð haustið 2012. Heildarkostnaður er áætlaður um 1,25 milljarðar króna auk búnaðar. Stærð húss er 3.375 m² brúttó og stærð lóðar er 16.340 m².

Naustaskóli - seinni áfangi

Fyrsti áfangi Naustaskóla, um 2.300 m², var boðinn út á vordögum 2008 og tekinn í notkun árið 2009. Á árinu 2010 hófst undirbúningur að útbóði á seinni áfanga sem er um 3.900 m² viðbygging og mun hýsa heimasvæði, verkgreinastofur, starfsmannarými, sal/miðrymi, anddyri skólans og íþróttahús. Uppsteypa á seinni áfanga verður boðin út á fyrri hluta ársins 2011 og gert er ráð fyrir að heimasvæði verði tilbúið til notkunar á árinu 2012 og að byggingu skólans verði að fullu lokið í ágúst 2014.

Heildarstærð skólans verður um 6.200 m² þegar hann verður fullbyggður. Hluti húsnæðisins er nýtt með leikskólanum Naustatjörn.

Stúka á Akureyrarvelli

Árið 2010 ákvað bæjarstjórn að hefja framkvæmdir við endurnýjun og viðhald á stúku á Akureyrarvelli. Hönnun hófst á árinu og áætlað er að bjóða verkið út á árinu 2011. Markmið með endurbótum er að skapa aðstöðu fyrir KA, þar sem framkvæmdum við endurbætur og byggingu stúku á KA-svæði var frestað síðla árs 2008. Í framhaldi af því var ákveðið að KA

fengi Akureyrarvöll til afnota og að gerðar yrðu lagfæringar á honum og stúkumannvirkjum þannig að hann yrði nothæfur næstu árin. Hafist var handa með KA-mönnum við að greina til hvaða aðgerða þyrfti að grípa þannig að völlum og stúkumannvirkri uppfylltu þarfir KA og leyfisreglugerð KSÍ eins og mögulegt er.

Þratarlundur 3-5

Akureyrarbær og félags- og tryggingamálaráðuneytið undirrituðu samning þann 30. desember 2010 um viðbyggingu á lóð við Þratarlund 5 á Akureyri. Markmið með samningnum var að bæta þjónustu við fatlað fólk sem býr við þroskahömlun og miklar atferlistruflanir og þarf af þeim sökum sérstaka aðstoð, stuðning og meðferð við athafnir daglegs lífs.

Akureyrarbær tekur að sér að byggja þrjár íbúðir á lóð númer 5 við Þratarlund og tengja húsið núverandi byggingu á lóð númer 3 við sömu götu. Um er að ræða nýbyggingu, samtals 255 m² að brúttó stærð. Framkvæmdasjóður fatlaðra greiddi Akureyrarkaupstað áætlaðan kostnað við framkvæmdina, samtals 98 milljónir króna, í einni greiðslu. Akureyrarkaupstaður skuldbatt sig til að hefja endanlega hönnun strax við undirskrift samnings og að húsnæðið yrði tilbúið til notkunar 31. maí 2012.

Starfsbraut VMA

Árið 2009 var boðin út viðbygging fyrir starfsbraut við Verkmenntaskólann á Akureyri. Um er að ræða stækkun á áfanga 7 (vestustu álmunni) til suðurs. Heildargólfliðar viðbyggingarinnar er 382,3 m² brúttó. Húsið er á einni hæð, steinsteypt með burstapaki í samræmi við fyrri áfanga. Verklök voru í ágúst 2010.

Viðhaldsverkefni

Á árinu var haldið áfram við endurnýjun og úrbætur á deildum á Öldrunarheimilunum í Hlíð. Að þessu sinni var vinna hafin við að bæta aðstöðu og umhverfi í Viðihlíð. Markmiðið með þessum endurbótum var að gera aðstöður heimilislegri og betri fyrir heimilismenn og starfsmenn. Deildir voru minnkaðar og sett upp aðstaða fyrir setustofur og borðstofur á báðum hæðum. Einnig var gerður útgangur á svalir að norðan þannig að nú geta íbúar og starfsfólk notið veðurs og útsýnis án þess að missa tengslin við deildina svo ekki sé minnst á styttingu vegalengda í því sambandi. Ný vaktrými eru mun betur staðsett þannig að nú eru þau meira miðsvæðis sem eykur þægindi starfsfólks og eykur yfirsýn og tengsl við íbúa eru meiri.

Nokkrar fasteignir í Grímsey bættust í eignasafn Fasteigna Akureyrarbæjar á árinu við sameiningu sveitarfélaganna og var haldið áfram með mál sem Grímseyingar voru byrjaðir á. Í Sundlaug Grímseyjar var haldið áfram með gluggaskipti, sundlaugarkerið málað og sett stýring á loftræsikerfið. Áður höfðu Grímseyingar byggt við húsið og fengið heitan pott sem gerbreytti allri aðstöðu og nýtingu á húsnæðinu. Búið er að kaupa yfirbreiðslu á bæði pott og sundlaug og með bættri loftræstingu ásamt yfirbreiðslum verður ástand eignarinnar orðið mjög gott.

Við Sigurhæðir var haldið áfram vinnu við viðbyggingu að norðan og hún kláruð að undanskildum tröppum. Lóðin var endurgerð og grasflöt stækkuð sunnan við hús auk þess sem grjóthleðsla að norðan var lögð og hellulag meðfram húsinu. Er nú umhverfi Sigurhæða allt orðið hið glæsilegasta.

Fjármála- og hagþjónusta

Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2010 þann 22. desember 2009 og endurskoðun fór fram 19. október 2010.

Rekstur Akureyrarbæjar fyrir fjármagnsliði gekk vel árið 2010 og betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sjóðsstreymi var einnig ágætt. Rekstrarmíðustaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 1.406 millj.kr. en var jákvæð um 1.675 millj.kr. eftir fjármagnsliði. Er það liðlega 600 milljóna króna betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir en í áætlun samstæðunnar var jákvæð afkoma áætluð 1.075 millj.kr. Helstu ástæður betri rekstrarárangurs eru hærri tekjur og lægri fjármagnskostnaður en áætlun gerði ráð fyrir. Heildarskuldur lækka um 1.152 milljónir króna frá fyrra ári.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 15.730 millj.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 15.297 millj. kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 11.171 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 10.803 millj.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 14.325 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 14.146 millj.kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 10.840 millj.kr. miðað við 10.669 millj.kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 394



millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 86 millj.kr. í fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 1.675 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 1.074 millj.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 407 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 112 millj.kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 6.434.525 þúsundir króna. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.515 sem er óbreytt frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 53,1%. Annar rekstrarkostnaður var 30,7% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 414 þús.kr. á hvern íbúa en heildartekjur samtals 887 þús.kr. á hvern íbúa. Árið 2009 voru skatttekjurnar 412 þús.kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 855 þús.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 36.783 millj.kr., þar af eru veltufjármunir 4.161 millj.kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum nema samkvæmt efnahagsreikningi 22.367 millj.kr., þar af eru skammtímaskuldir 3.187 millj.kr. Heildarskuldir í árslok 2009 námu samtals 23.520 milljónum króna. Veltufjárlutfallið er 1,31 í árslok, en var 0,94 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 14.416 millj.kr. í árslok en nam árið áður 12.531 millj. kr. Eiginfjárlutfall í árslok var 39%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.256 millj. kr. og handbætt fé frá rekstri 2.163 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 1.441 millj.kr. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals -356 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 2.555 millj.kr. Ný langtímalán námu 2.171 millj.kr. Handbætt fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.586 millj.kr.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplysingar/

Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild sér um úthlutun leiguíbúða, greiðslu húsaleigubóta, innlausn félagslegra íbúða og upplýsingagjöf tengda húsnæðismálum.

Í árslok 2010 voru 265 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar. Keypt var ein íbúð á Akureyri á árinu. Auk þess voru teknar á leigu hjá Félagstofnun stúdentna 13 íbúðir og þær endurleigðar. Árið 2010 bárust 176 umsóknir um leiguíbúð hjá Akureyrarbæ en þær voru 124 árið 2009. Samþykktar umsóknir voru 145 en 29 var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki settar reglur eða umbeðin gögn bárust ekki og tvær umsóknir voru í vinnslu um áramótin. 104 íbúðum var úthlutað.

Á biðlista eftir leiguíbúð var 101 aðili í lok árs 2010 en auk þess óskuðu 10 leigjendur eftir flutningi innan kerfisins. Það hefur því fjölgað um 15 umsækjendur á árinu 2010 en þeim fækkaði árið 2009.

Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þeirra er að lækka húsnæðis-kostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar húsaleigubætur námu 223,6 milljónum króna árið 2010 á móti 200,8 milljónum árið 2009 og er það 11,4% aukning á milli ára.

Bótaþegar voru 972 í lok árs 2010 en 892 árið 2009 en það er 9% aukning á milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem fengu húsaleigubætur var 1.251 en var árið áður 1.186.

Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í árslok 2010 var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur						
Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	47	12	137	70	39	305
Atvinnulaus	14	4	36	10	21	85
Öryrkjar	10	9	43	73	116	251
Ellilífeyrisþegar	0	10	0	24	16	50
Heimavinnandi	2	0	3	0	0	5
Nemar	18	42	50	93	73	276
Samtals	91	77	269	270	265	972

Sérstakar húsaleigubætur

Árið 2009 voru teknar upp greiðslur á sérstökum húsaleigubótum en þær koma til viðbótar almennum húsaleigubótum. Á árinu 2010 voru greiddar ríflega 12,7 milljónir króna að meðaltali til 80 einstaklinga á mánuði en samtals fékk 131 einstaklingur bætur á árinu öllu. Meðaltali bótaupphæðar

var rúmar 13.000 kr. á mánuði sem er lítilsháttar hærri upphæð en árið áður þegar meðaltalsupphæðin var tæpar 13.000 krónur.

Fjölskyldudeild

Árið 2010 einkenndist af vaxandi þunga í þjónustunni en aukning hefur orðið á flestum þjónustubáttum. Stöðugleiki var í starfsmannahópnum en einhverjar breytingar urðu þó. Aukið var við stöðuhlutfall sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla um hálfá stöðu skólásálfræðings og eru þeir nú orðnir þrír sem er betri mönnun en áður hefur verið í þessari þjónustu. Þjónusta deildarinnar var bætt með tilkomu nýs símkerfis.

Eitt af stóru verkefnum ársins var að undirbúa flutning málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem fór fram um áramót 2010/2011. Það var gert með því að taka þátt í umræðu á landvísu, veita upplýsingar og skipuleggja þjónustuna hér á svæðinu. Áfram var unnið með meðferð fyrir unglinga sem er tilraunaverkefni í samstarfi við Barnaverndarstofu. Þjónusta við börn með ADHD-greiningu var eflað á árinu með tilkomu styrkja frá Velferðarráðuneyti. Þannig gátu börn með ADHD-greiningu fengið stuðningsfjölskyldu og haldin voru námskeið fyrir þennan hóp barna og foreldra þeirra.

Í barnavernd var unnið með 349 börn í 264 fjölskyldum. Barnaverndar-tilkynningar voru hins vegar 391. Langalgengasta ástæða tilkynningar var vanræksla eða í 114 tilvikum, ofbeldismál voru 74 og 144 tilfelli þar sem um óhættu hegðun barns var að ræða. Hefðbundnum úræðum barnaverndar var beitt en tvö börn fóru á Studla, annað í neyðarvistun en hitt í langtíma meðferð. Tvö börn fóru á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu, 19 börn fóru í fóstur eða vistun á einkaheimili, þar af sex börn í varanlegt fóstur.

Fjöldi þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð á árinu var 352 en heildarútgjöld voru rúmar 85 milljónir króna. Meðaltalsupphæð á skjólstæðing var 241.802 kr. en fjöldi afgreiddra umsókna var 1.323. Ef þessar tölur eru bornar saman við tölur frá árinu 2009 kemur í ljós að um var að ræða hækkun á útgjöldum til fjárhagsaðstoðar um 27,2% en 13 færri fengu aðstoð. Hlutfall ungs fólks, 25 ára og yngri, er um 30% sem er sambærilegt við það sem hefur verið undanfarin ár. Ef horft er til fjölskyldugerðar þá eru einstæðar mæður stærsti hópurinn eða 38%, einhleypir karlar koma þar næst eða 35% og síðan einhleypar konur. Einhleypu fólki fjölga heldur á milli ára á kostnað einstæðra foreldra. Í hópnum fjölga í hópi atvinnulausra, var 22% árið 2009 en 33% á árinu 2010. Hins vegar fækkaði í hópi þeirra sem eru í fullri vinnu, þeir voru 37% árið 2009 en aðeins 16% á árinu 2010.

Skólaárið 2009/2010 voru 1.214 börn í 18 leikskólum á þjónustusvæðinu en 2.989 í 14 grunnskólum. Heildarmálfjöldi úr grunnskólum var 444 mál sem skiptust þannig að 396 mál komu úr skólunum á Akureyri en 48 mál komu úr skólum utan Akureyrar. Málaflajöldin úr leikskólunum var 137, 120 frá Akureyri en 17 utan Akureyrar.

Þörfin fyrir stuðningsfjölskyldur fyrir fötlúð börn fer vaxandi. Markmið með þjónustunni er að létta álagi á fjölskyldur fatlaðra barna og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 35 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum og upp í fimm sólarhringa á mánuði. Alls var veitt 938 sólarhringum í þessa þjónustu sem er aukning á milli ára um 68 sólarhringa. Á árinu voru afgreiddar 73 umsóknir vegna umönnunargreiðslna til foreldra vegna fötlunar eða þroska- og hegðunarraskana. Haldið var námskeið haustið 2010 fyrir foreldra fatlaðra barna í samvinnu við þroskahjálpa á Norðurlandi eystra.

Alls fór 21 einstaklingur í vinnu á almennar vinnurmarkaði í gegnum atvinnu með stuðningi. Á árinu voru gerðir 18 nýir vinnusamningar öryrkja en 73 samningar voru í gildi á árinu. Í lok árs voru 19 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

Starfsemi Hæfingarstöðvar/Birkilundar var hefðbundin en alls nutu 56 einstaklingar þjónustu stofnunarinnar. Notendur eru breiður hópur varðandi þjónustubarfir og aldur. Flestir eru með þroskahömlun en aðrir eru með seinni tíma heilaskaða, einhverfu, daufblindu og fleiri þroskaraskanir. Meðal notenda er ungt fólk sem stundar nám í framhaldsskóla og lögð er áhersla á að samþætta þjónustuna við þennan hóp með samráði við skólann. Flestir notendur búa á sambyli en nokkrir búa í foreldrahúsum eða í sjálfstæðri búsetu.

Á síðasta ári lagaðist staðan varðandi verkefni og afkomu á Plastiðjuni Bjargi/Íðjúlundi efr kreppuástand 2008/2009. Veruleg söluaukning varð á ýmsum framleiðsluvörum s.s. kertum og raflagnaeftni. Í mars 2010 var tekinn í notkun laser-prentari til prentunar á búfjármerki. Prentað var á lambamerki, nautgripamerki og ásetningsmerki fyrir sauðfé. Þessi nýja tækni gerir PBI mögulegt að halda markaði fyrir búfjármerki og veitir vinnu fyrir



þrjú til fjóra einstaklinga. Á árinu voru 46 einstaklingar í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun sem var fjölgun um 11 frá árinu áður en í ótímabundinni ráðningu (venndaðri vinnu) voru 33 einstaklingar.

Framkvæmdadeild

Helstu verkefni ársins 2010 vegna nýrra gatna var að ljúka við hönnun á Daggarlundi, auk ýmissa smærri verkefna.

Helsta verkefni við endurbyggingu gatna var að ljúka við Eyrarlandsveg en yfirborð götu og gangstétta var endurnýjað. Einnig voru lagnir sem og ljósastaurar endurnýjaðir. Vinnu við þennan áfanga lauk haustið 2010. Einnig fór af stað á árinu endurgerð á Þingvallastræti en sú framkvæmd felur í sér endurnýjun á lögnum og yfirborði götu og gangstétta. Um er að ræða fyrsta áfanga og verður honum lokið sumarið 2011. Helsta breytingin verður að gangstétt að norðanverðu verður breikkuð til að bæta aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda og gangbrautir verða einnig bætтар. Yfirborð ásamt hluta af burðarlagi var endurnýjað á Óseyri vestan við Hjalteyrargötu sem og Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis. Einnig hófst undirbúningur við Kjarna- og Hamraveg, en til stendur að byggja veginn upp og koma slitlagi á hann árið 2011.

Í malbikun var lokið við götu og gangstétt Brekatúns, sem og var Ljómatún malbikað. Síðbraut var malbikað en þar hafði verið mikið jarðsig. Einnig var unnið að undirbúningi á malbikun á Óðisnesi og Baldursnesi en töluvert sig hefur einnig verið á þeim köflum.

Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna, víðs vegar um bæinn, byggðar upp og malbikaðar. Alls voru kláraðir 2,3 km af stígum og gangstéttum og þar af var 1 km endurgerðir stígar og gangstéttar. Akureyrar-bær kom einnig að gerð gangstíga í Kirkjugarði Akureyrar. Unnið var við lokafrágang á reiðleið/gönguleið sunnan flugvallar og sett var upp lýsing á reiðleiðina sem liggur frá Breiðholti að Lögmanshlíðarhverfi. Unnið er í samráði við Vegagerðina að tillögum að göngu- og hjólréiðastíg meðfram Drottningarbraut. Heildarkostnaður við þennan málaflök var um 207 milljónir króna. Unnið var við viðhald á eldri götum bæjarins en fjárveiting vegna þessa málaflöks var hækkuð lítillega milli ára.

Áfram er unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólafyrirvöld og nemendur. Þrenging og bætt lýsing var sett upp við Þingvallastræti á gönguleiðina við verslunina Hrísalund, auk nokkurra nýrra gangbrauta víðsvegar um bæinn. Vegrið voru sett upp á þremur stöðum; í Klettaborg ofan við Glerártorg, ofan við göngustíg í Miðhúsabráut og neðan við Krókeyrarnef, auk þess sem vegrið var framlengt í Skarðshlíð neðan við Bakkahlíð. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með lækun á hámarks hraða.

Í fráveitumálum var lokið við hönnun hreinsistöðvarinnar í Sandgerðisbót en gert hafði verið ráð fyrir að framkvæmdir við hana hæfust á árinu 2011. Byrjað var á kortlagningu aðstæðna við náverandi fráveitu í Grímsey.

Hreinlætismál

Árið 2010 var stigið stórt skref í sormálum sveitarfélagsins. Ákveðið var að bæta flokkun úrgangs með það að markmiði að lágmarka urðun hans til framtíðar og auka endurvinnslu.

Til þess að gera þetta kleift var tekið upp svokallað tveggja ílát kerfi þar sem 35 lítra sérsmiðuðu ílát fyrir lífrænan heimilisúrgang er komið fyrir í 240 lítra hefðbundinni sorptunnu sem ætluð er fyrir almennan úrgang til urðunar. Lífræna eldhússorpið fer til moltugerðar í nýrri verksmiðju Moltu ehf. að Þverá og almennt sorp fer fyrst um sinn áfram í urðun á Glerárdal en í byrjun ársins 2011 til urðunar að Sólvaðabakka við Blönduós.

Endurvinnsluefnin losa íbúarnir á grenndarstöðvum sem verður fjölgað í hverfunum og umhverfi þeirra og aðgengi bætt. Íbúarnir geta nú flokkað endurvinnsluefni, eins og bylgjupappa, sléttan pappa, plast, minni málma og glerilát. Minni ílátum fyrir raffhlöður og kertaafganga verður einnig komið fyrir við grennavellina og þannig stuðlað betur að hámarks úrgangur á verðmæti alls endurvinnsluúrgangs.

Umhverfismál

Til umhverfismála var varið 174 milljónum króna í rekstur og framkvæmdir. Í umhverfismálum fólust framkvæmdir ársins 2010 aðallega í stígagerð til að bæta útivistarmöguleika fólks en einnig fékk Andapollurinn mikla andlitslyftingu á árinu og mun því verki endanlega ljúka snemma árs

2011. Gróðursetningu í bæjarlandið var fram haldið og um 2.500 trjá- og runnaþlöntur voru gróðursettar og gróðursett voru 43.000 sumarblóm sem ræktuð voru í ræktunarstöð bæjarins. Í Hrísey var haldið áfram að hefta útbreiðslu skógarkerfils og Lúpinu með það að markmiði að endurheimta fyrra gróðurlendi. Unnið var að gerð gróðurkorts fyrir bæjarlandið og mun því ljúka í byrjun árs 2011. Þá voru fuglar taldir í óshólum Eyjafjarðarár í samstarfi við Eyjafjarðarsveit og Isavia. Allur grassláttur, um 90 ha, var í höndum verktaka á árinu en tekin var sú ákvörðun að Akureyrarkaupstaður tæki yfir ¼ af slætti í bænum á næsta ári. Rekstur opinna leiksvæða var með hefðbundnu sniði og framkvæmdir eru rekstrarskoðanir á hverju svæði á þriggja mánaða fresti.

Í Lystigarðinum var áfram unnið að fegrun garðsins fyrir 100 ára afmæli hans árið 2012 og í ár var girðingin að austanverðu og sunnanverðu húðud og stöplar lagfærðir.

Vinnuskólinn fyrir 14–16 ára var rekin með svipuðu sniði og undanfari ári, nemendur unnu við fegrun og hirðingu og einnig var töluvert fræðsla.

Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var hefðbundinn en eftirlitið annast eftirlit og skráningu hunda, katta og annarra gæludýra. Það hefur umsjón með hundahreinsun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra auk þess að annast eyðingu meindýra fyrir stofnanir Akureyrarkaupstaðar ef þess er óskað. Dýraeftirlitið annast ennfremur eftirlit og eyðingu á rottum, vargfuglum, refum og minkum. Starfsemin var með hefðbundnum hætti þetta ár.

Jarðeignir og búfjáreftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallsgirðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjáreftirlitssvæðið og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim.

Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar tók upp nýtt skipuriti í upphafi árs 2010. Breytingin sneri að stöðum manna í skipuriti og markmið breytinganna var að auka styrk dagvaktar. Samhlíða voru verkefni færð úr aukavinnu utan vaktar og inn í vaktir. Sjúkraflutningar út fyrir þjónustusvæði Akureyrar voru færðir inn í verkefni vakthafandi vaktar ásamt sjúkraflugi. Til að mæta þessum breytingum var fjölgað á dagvakt um eitt stöðugildi, sér í lagi til að mæta sjúkraflugi.

Framlengdur var samningur við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu liðsins í sjúkraflugi. Slökkvilið Akureyrar hefur sinnt þessu hlutverki í 13 ár og eru heildarflug á þessu tímabili að nálgast 4.000. Samið var til loka árs 2011.

Liðið hefur þurft að halda að sér höndum hvað varðar fjárhag enda aðföng hækkuð í verði og SA gert líkt og öðrum að halda kostnaði niðri. Þrír starfsmenn liðsins glímdu við langvarandi veikindi á árinu sem jök einnig kostnað á árinu 2010. Þrátt fyrir þröngan fjárhag hefur liðið náð að mennta starfsfólk sitt til þeirra verka sem það sinnir.

Árið var afar viðburðaríkt hjá Slökkviliði Akureyrar. Upphaf ársins markaðist nokkuð af nýju skipulagi eins og áður segir og gosið í Eyjafjallajökli hafði einnig talsverð áhrif. Viðbúnaður á flugvöllum var aukinn og verkefni því tengd voru talsverð. Í kjölfarið var ráðist í að endurnýja eina af slökkvifreiðum liðsins. Það var gert í samstarfi við Isavia enda bifreiðin einnig hugsuð til að þjóna flugvöllum í uppærslu öryggisflokka.

Námskeið atvinnuslökkviliðsmanna voru haldin ásamt því að menntaðir voru fjórir neyðarflutningsmenn í sjúkraflutningum. Breytingar urðu í eldvarnareftirliti og nýjar áherslur teknar upp á þeim vettvangi.

Afar ánægjulegt er að sjá hvernig Slökkvilið Akureyrar hefur þróast og dafnað. Menntunarstig liðsins hefur aldrei verið hærra ásamt því að liðið er vel búið tækjum. Aðstaða þess er til fyrirmyndar og hefur tekist að viðhalda öllum störfum liðsmanna. Nú eru aftur á móti samningar við Isavia lausir um slökkvi- og björgunarþjónustu liðsins á Akureyrarflugvelli og ekki fyrir séð hvert framhaldið verður. Starfsstöð liðsins á Akureyrarflugvelli hefur skapað liðinu tæplega níu störf og er því ljóst að sá samningur sem um ræðir hefur áhrif á 1/4 slökkviliðsmanna liðsins.

Þegar er ljóst að annar stór verkþáttur sem liðið sinnir, sjúkraflug, verður hjá því út árið 2011 en samið var til 12 mánaða. Einnig var framlengdur samningur um sjúkraflutninga á landi en liðið mátti þola skerðingu á fjárveitingum frá ríkinu á þeim lið á milli ára. Því var það enn mikilvægara að fara í þær breytingar sem gerðar voru um áramót 2009/2010 þegar utanbæjarflutningar voru teknir inn á vaktir.





Strætisvagnar Akureyrar

Rekstur strætisvagna og ferliþjónustu fyrir fatlaða var með hefðbundnu sniði þetta árið sem fyrr og voru engar teljanlegar breytingar á þjónustu strætisvagna eða ferliþjónustu. Helgarakstur var felldur niður tímabilið 1. maí til 31. ágúst eins og árið 2009. Farþegafjöldi var svipaður á milli ára.

Strætisvagnar	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010
Farþegafjöldi	440.000	480.000	480.000
Eknir km.	260.000	256.000	256.000
Farþegar á km.	1,69	1,88	1,88
Fjöldi biðskýla	44	44	44
Ferðir ferliþjónustu			51.500
Km ferliþjónustu			120.000

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í rúman áratug rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið. Umdæmi HAK eru sjö sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Einnig eru íbúar hins forna Hálshepps (núverandi íbúar Þingeyjarsveitar) í umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra ennþá heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 20.034 (Hrísey undanskilin) þann 1. desember 2010. Á svæði HAK hefur íbúum fjölgað um 3% sl. fimm ár.

Reynslan af því að reka heilsugæslu og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbær er mjög góð og þær vinnuaðferðir sem voru þróaðar hafa vakið mikla athygli og gengið undir nafninu „Akureyramódelið“. Er með því vísað í samvinnu og samþættingu á sviði heilsugæslu-, félags-, öldrunar- og skólamála auk málefna fatlaðra og geðsjúkra svo eitthvað sé nefnt. Akureyramódelinu eru gerð góð skil í ársskýrslu Akureyrarbæjar árið 2007.

Á árinu 2010 var áfram tekist á við hagræðingarkröfur hins opinbera og farið var að fyrimælum um að standa vörð um þjónustu og forðast uppsagnir starfsmanna. Aðgerðir til sparnaðar fólust aðallega í minni afleysingum og breytingum á kjörum starfsmanna. Almenn þýddi þetta aukid álag og lægri laun. Þó svo að markmiðið væri að niðurskurður kæmi ekki niður á þjónustu þá var það óhjákvæmilegt. Það eitt að starfsfólk vinnur ekki lengur yfirvinnu þýðir að fleiri verk verður að vinna á dagvinnutíma.

Aðgengi að fagfólki hefur minnkað, færri tímar standa til boða og lengri bið hefur einkennt árið. Um 3.000 manns á svæðinu eru án fasts heimilislæknis.

Heilsuverndin er að mestu óbreytt frá fyrri árum; mæðravernd er með svipuðu sniði og áður og í ungbarnavernd fór mikill tími í að koma á breytingum á skoðunum ungbarna í samræmi við tilmæli landlæknis. Skólaheilsugæslan var fullmönnuð og lögd var áhersla á að efla þjónustu við barnafjölskyldur í samræmi við þann lærdóm sem Finnar miðluðu um mikilvægi þess til framtíðar að halda vel utan um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á krepptímum. Í þeim anda var unnið að því að styrkja bakland skólahjúkrunarfræðinga á heilsugæslunni með tilraunaverkefni Skólasamráði.

Í heimahjúkrun þyngdist róðurinn á árinu enda alls staðar skorið niður í heilbrigðisþjónustu. Áhrifin komu fram í því að veikara fólk er lengur heima og þarf á meiri þjónustu að halda. Heimahjúkrun og heimaþjónusta unnu áfram þétt saman og skiptu með sér verkefnum til að ná fram eins mikilli hagræðingu og vinnusparnaði og hægt var. Álagid á starfsfólk sagði þó til sín og óvenju mikið var um langtímaveikindi í heimahjúkrun.

Íþróttadeild

Starfsemi íþróttadeilda gekk vel á árinu 2010. Meginhlutverk deildarinnar er að annast yfirstjórn á rekstri- og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íþróttaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþróttá Akureyri til framkvæmda.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð. Í Sundlaug Akureyrar var farið í viðhaldsvinnu á öryggisbúnaði og var sett upp nýtt hljóðkerfi, nýr sendir fyrir talstöðvar starfsmanna var endurnýjaður ásamt öryggismyndavélakerfi.

Veður og snjálög voru með besta móti í Hlíðarfjalli og var hægt að hafa skíðasvæðið opið í rúmlega 150 daga á árinu sem er vel yfir meðaltali opnunardaga skíðasvæða í Evrópu sem eru 120-130 dagar. Mikil aukning í heimsóknum hefur átt sér stað á undanföllum árum og var starfsemin í Hlíðarfjalli meiri en nokkru sinni fyrr en fjöldi heimsókna veturinn 2009–2010 fór yfir 100.000. Akureyrarbær hefur mætt þessum



September 2007

auknu vinsældum skíðasvæðisins með því að auka við þjónusturými og var það gert m.a. með því að stækka skíðaleigu og setja upp sérstakt nestishús ofan skíðahótelsins. Þá var einnig keypt notuð toglyfta frá Austurríki og hún sett upp á barnasvæðinu og jukust þannig afköst þess svæðis verulega. Oft var þröng á þingi í Hlíðarfjalli árið 2010 og stemningin einstök og starfsfólk gerði sitt allra besta til að starfsemi færi vel fram. Óhætt er að segja að Hlíðarfjall hafi verið okkur Akureyringum afar mikilvægt og skapað tækifæri til uppbyggingar og virðisauka í samfélaginu.

Norðurlandamót undir 20 ára í frjálsum íþróttum fór fram í lok ágúst á hinu stórglæsilega félagssvæði íþróttafélaganna Þórs og UFA. Mikill fjöldi keppenda og gesta heimsótti Akureyri vegna mótsins og óhætt er að segja að framkvæmd þess hafi tekist vel enda vandað vel til alls undirbúnings.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan deildarinnar á undanföllum árum og þrátt fyrir erfiðar aðstæður í efnahagslífinu hefur Akureyrarbæ tekist að ljúka stórum verkefnum á árinu. Þar hefur verið að nefna hina glæsilegu Íþróttamiðstöð við Giljaskóla en þar var byggð upp fimleikaaðstaða ásamt íþróttasal. Með þeirri framkvæmd var aðstaða Fimleikafélagsins bætt verulega og hefur starfsemi félagsins nær tvöfaldast á fyrsta vetrinum í hinu nýja mannvirki.

Áfram var unnið að umfangsmiklum framkvæmdum á golfvelli Golfklúbbs Akureyrar en áætlað er að þeim ljúki árið 2014. Framkvæmdirnar verða í áföngum og eru þær miðaðar við að raska sem allra minnst hefðbundinni starfsemi og þjónustu golfklúbbsins. Er það sameiginlegt markmið klúbbsins og Akureyrarbæjar að völlurinn verði með þeim allra bestu á Íslandi er framkvæmdum lýkur.

Haldið var áfram með endurbætur á Akureyrarvelli og gerðar áætlanir um að endurbæta og viðhalda gamla stúkumannvirkinu með það að markmiði að varðveita verðgildi þess. Þannig mun það nýttast bæði Knattspyrnufélagi Akureyrar og einnig ef ákveðið verður að nota svæðið undir aðra starfsemi síðar.

Heimsóknir í íþróttamannvirki á Akureyri

Hlíðarfjall 2006	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi heimsókna	36.262	43.766	52.512	79.682	101.048
Skíðaleiga	1.824	3.749	3.915	4.910	5.843
Skíðaskóli (fjöldi nemenda)	1.311	1.500	1.739	2.070	2.788
Seld árskort/vetrarkort	751	980	1.171	2.895	2.869
Sundlaug Akureyrar	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi gesta	343.222	323.752	330.400	332.500	333.500

Samfélags- og mannréttindadeild

Hlutverk samfélags- og mannréttindadeildar er umsjón og rekstur félags- og tótmundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði, forvarnamál, starfsemi Menntasmiðju kvenna og ungs fólks, málefni nýbúa, umsjón fjölskyldustefnu, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins. Meginhluti starfsemi deildarinnar er til húsa í Rósenborg - möguleikamiðstöð.

Framboð tótmundanámskeiða var fjölbreytt. Boðið var upp á ný námskeið sem um 1.550 börn og unglingar sóttu. Námskeiðin fóru flestöll fram í Rósenborg. Starfsemi handverksmiðstöðvarinnar Punktstins var með hefðbundnu sniði. Þar eru einnig í boði áhugaverð námskeið auk opinnar aðstöðu fyrir almenning. Hátt í 6.000 heimsóknir voru í Punktinn. Starfsfólk tótmundamála tók þátt í Evrópuverkefni sem fólst í kynningu og fræðslu á fjölmörgum listgreinum. Starfsfólk tótmundamála heimsótti listamenn í Póllandi og tók á móti pólskum listamönnum sem settu upp sýningu í Amtsbókasafninu á batik- og pappírlistaverkum.

Á vegum samfélags- og mannréttindadeildar eru reknar fimm félagsmiðstöðvar fyrir unglinga á grunnskólaaldri og einnig er veitt þjónusta við börn og unglinga í Hrísey og Grímsey. Í starfi félagsmiðstöðvanna er m.a. boðið upp á klúbbastarf af ýmsu tagi þar sem lögð er áhersla á lýðræði, félagsþroska og að vinna með áhugamál í uppbyggilegri samveru við jafninga undir handleiðslu starfsfólks. Á vegum félagsmiðstöðvanna fór m.a. fram hönnunarkeppnin Furduverk auk þess sem unglingarnir tóku þátt í stuttmyndakeppninni Stulla, söngkeppni félagsmiðstöðva, brettamóti og spurningakeppni svo eitthvað sé nefnt. Einnig er árleg menningarferð til Reykjavíkur fyrir þau ungmenni sem starfa í félagsmiðstöðvunum. Sú nýbreytni varð á árinu að nú býðst unglungum sem áhuga hafa á að starfa í félagsmiðstöðinni að nýta það sem valgrein. Helstu verkefni eru skipulagning viðburða, vinna við verkefni á vegum félagsmiðstöðvanna og einnig er lögð áhersla á mannréttindafræðslu ýmiss konar. Félagsmiðstöðvar eru opnar í níu mánuði á ári og voru skráðar heimsóknir rúmlega 1.000 hvern opnunarmánuð. Yfir sumartímann sáu félagsmiðstöðvarnar um ýmis sérverkefni á vegum Vinnuskólans.

Ungmenna-Húsið sem er upplýsinga- og menningarmiðstöð ungs fólks hefur sífellt aukið fjölbreytileikann í starfi sínu. Mú þar nefna öflugt klúbbastarf, góða æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir, þátttöku í stuttmyndasamkeppninni Stulla og umsjón með skapandi sumarstörfum. Hjá Ungmenna-Húsinu er í boði ráðgjafarþjónusta við ungt fólk en ljóst er að þörf er á slíkri þjónustu. Alls voru skráðar rúmlega 10.000 heimsóknir í Ungmenna-húsið á árinu 2010.

Unnin var aðgerðaáætlun í forvarnamálum og í samræmi við hana var m.a. boðin fræðsla í grunnskólunum um skaðsemi vímuefna, geðheilbrigði, kynferðisofbeldi og óhóflega tölvunotkun. Einnig voru haldin námskeið fyrir starfsfólk um viðbrögð við kynferðisofbeldi.

Starfsendurhæfing Norðurlands sá um rekstur Menntasmiðju kvenna á haustönn samkvæmt samningi. Menntasmiðja unga fólksins var haldin á vorönn.

Akureyrarbær tók á árinu aftur við þjónustu við útlendinga á Akureyri og endurvakti Alþjóðastofu sem er þjónusta- og upplýsingamiðstöð. Alþjóðastofa fékk aðstöðu í Ráðhúsinu við Geislagötu.

Samfélags- og mannréttindadeild tók fyrir hönd bæjarins þátt í kvenna-söngugöngu á kvenréttindadaginn 19. júní og samstöðu á Ráðhústorgi vegna 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línur og verður ekki fram hjá komist nema með breytingum á því. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og -breytingum en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur

skipulagsdeildar en þar starfa átta manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd hélt 27 fundi á árinu 2010 og tók til umfjöllunar 319 mál. Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 49 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 433 mál.

Eftirfarandi skipulagsverkefni voru í vinnslu á árinu 2010 og er sumum þeirra ekki lokið.

Verkefni á vinnslustigi 2010:

- Aðalskipulag Hríseyjar, endurskoðun
- Háspennulínur um Akureyri, aðalskipulagsbreyting
- Reiðleiðir, endurskoðun, aðalskipulagsbreyting
- Tenging Brálundar við Miðhúsabraut, beðið er eftir úrskurði frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála
- Miðbær 1. áfangi, deiliskipulag Drottningarbrautarreits
- Hlíðarfjall, skíðasvæði deiliskipulag
- Kjarnaskógur, deiliskipulag
- Innbær, endurskoðun deiliskipulags
- Hlíðarhverfi, deiliskipulag

Helstu verkefni lokið 2010:

- Hlíðarendi, aðal- og deiliskipulag
- Golfvöllurinn Jaðri, deiliskipulag
- Vestursíða hjúkrunarheimili, deiliskipulag
- Deiliskipulag við Miðholt og Undirhlíð
- Glerá, frá stíflu til sjávar, deiliskipulag
- Breiðholt, hesthúshverfi, deiliskipulag
- Kirkjugarður á Naustahöfða, deiliskipulag
- Íþróttasvæði Þórs við Skarðshlíð, viðbót
- Tjaldstæðareitur við Þórunnarstraeti, deiliskipulag
- Giljahverfi, endurskoðun deiliskipulags
- Akureyrarvöllur, skýrslu vinnuhóps skilað
- Oddeyrin, skýrslu vinnuhóps skilað

Samkvæmt stefnu L-listans í bæjarstjórn er lögð áhersla á neðangreind verkefni. Verkefni eru í undirbúningi eða nú þegar komin í gang.

Verkefni á undirbúningsstigi:

- Dalsbraut, deiliskipulag, framkvæmdarleyfi
- Krossanes – Þórsnes, deiliskipulag
- Glerárdalur, umhverfisskipulag
- Göngu- og hjólastígatengingar innan bæjarlandsins frá Kjarnaskógi að Krossanesborgum
- Torfunefsbrýggja, endurgerð

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Deiliskipulag við Vestursíðu
- Svæði 1 og 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Klettaborg, tvær einbýlishúsalóðir
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Oddeyrin, endurskoðun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefni „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa. Tryggja skal nægilegt frambod lóða á hverjum tíma og var staðan þannig í árslok 2010 að til voru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Aðalskipulag Hríseyjar er í endurskoðun í samráði við Hverfisráð Hríseyjar og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið 2011.





Máí 2008

Yfirlit yfir byggingarframkvæmdir á árinu 2010 (tölur í svigum eru frá 2009):

Íbúðarbyggingar:

Hafin var smíði 33 íbúða (32) árið 2010. Þar af voru einbýlishús 2 (2), 6 fjölbýlishús með 31 (30) íbúð.

Skráðar voru fullgerðar 3 (0) íbúðir á árinu þ.e. 3 (0) einbýlishús.

Í árslok voru fokheld og lengra komin í byggingu 74 (73) einbýlishús, 74 (72) íbúðir í raðhúsum og 298 (282) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmrá á veg komin í byggingu voru í árslok 9 (11) einbýlishús, 15 (17) íbúðir í raðhúsum og 285 (270) íbúðir í fjölbýlishúsum.

	Einbýlishús	Raðhús	Fjölb.hús	Samtals
Hafnar framkvæmdir	2	0	31	33
Fullgert á árinu	3	0	0	3
Fokheld á árinu	4	2	16	22
Í smíðum í árslok	83	89	583	755


Hafnar framkvæmdir við íbúðarbyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbygg-
ingar o.fl.: 3986 m² (6336 m²) / 13136 m³ (19119 m³).

Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2010:

Tegund	m2	m3
Landbúnaður	640	2.143
Fiskiðnaður	0	0
Vörugymslur/geymar	0	0
Vinnsla búsafurða	0	0
Iðnaður	2.488	18.330
Verslun	0	0
Veitinga- og gistihús	0	0
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	0	0
Frístundahús	973	3.852
Önnur þjónustustarfsemi	300	1.070
Félagaleg starfsemi	0	0
Opinber starfsemi	0	0
Samtals	4.401	25.395
Tölur frá síðasta ári	(3.325)	(12.923)


Íbúðabyggingar eftir byggingarstigi

Fjöldi



Íbúðabyggingar hafnar eftir húsaagerð

Fjöldi



Skóladeild

Árið 2010 byrjaði eins og árið 2009 með mikilli vinnu við fjárhagsáætlun þar sem áhersla var lögð á að finna leiðir til hagræðingar án þess að skerða þjónustu við nemendur. Leitað var eftir hugmyndum frá skólum og haft samráð við fjölmarga aðila í þeirri vinnu. Þrátt fyrir að verulega hafi þrengt að skólum í rekstri varð ekki halli á rekstri fræðslu- og uppeldismála á árinu 2010 og verður að telja það góðan árangur sem sýnir metnað og ábyrgð stjórnenda.

Á árinu tók ný skólanefnd við keflinu eftir kosningar. Þar sem allir nefndarmenn nema formaðurinn voru nýir í skólanefnd var fundað mjög stíft allt haustið og fram undir jól. Áhersla var lögð á samstarf um vinnu við fjárhagsáætlun og stefnumótun og var því þeim flokkum sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í skólanefnd boðið til samstarfs um þessa vinnu. Þá ákvað skólanefnd að nauðsynlegt væri að nefndarmenn þekktu til aðstæðna í hverjum skóla og voru því skipulagðar heimsóknir í alla leik- og grunnskóla og Tónlistarskólann. Í þessum heimsóknum var farið í skoðunarferð um húsnæði og starfsemin skoðuð. Í lokin var svo sest niður með stjórnendum og fulltrúum starfsmanna og skólastarfið rétt.

Þegar skólanefnd hafði lokið vinnu við fjárhagsáætlun 2011 var boðað til funda með skólaráðum grunnskólanna annars vegar og foreldraráðum leikskólanna, fulltrúum starfsmanna og leikskólastjórnum hins vegar. Á þessum fundum voru tillögur skólanefndar til hagræðingar og breytingar á þjónustu kynntar og boðið til umræðna um þær. Fundarmönnum var einnig bent á að þessar tillögur væru ekki endanlega staðfestar og að þeir hefðu tíma og tækifæri til að bregðast við þeim. Engar athugasemdir bárust í kjölfar fundanna og því voru þær tillögur sem fram komu samþykktar.

Hinn 1. október stóð skóladeild ásamt framhaldsskólunum, kennarasamtökunum og fleiri aðilum að ráðstefnu um samstarf og samræðu allra skólastiga. Áherslan nú var á nýjar aðalnámskrár og grunnþætti menntunar. Mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði ráðstefnuna og var ráðneytið formlegur þátttakandi í henni. Þátttakendur voru ríflega 1.100 og verður því að telja þessa ráðstefnu með þeim stærstu á landinu, þar sem fjallað er um skólamálið.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Akureyrarbær rekur 11 leikskóla á Akureyri og eina leikskóladeild í Hrísey og aðra í Grímsey. Auk þess styrkir bærin tveir einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjalastefnunni ehf. og Hlíðaból, sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri.

Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7.45–16.15. Leikskólarnir voru lokaðir í fjórar vikur sumarið 2010 en leikskóladeildin í Grímsey var lokað eins og grunnskólinn yfir sumartímann. Í október var 81 tvítýngt barn í leikskólunum á Akureyri og eru þau frá 35 þjóðlöndum, flest frá Tælandi, Póllandi og Þýskalandi.

Í október voru um 97,85% barna á Akureyri á aldrinum 2–5 ára, fædd 2005–2008, í leikskóla. Þar voru einnig um 14,9% barna fædd 2009 en börn þurfa að hafa náð a.m.k. 18 mánaða aldri til þess að komast inn í leikskóla. Heildarfjöldi barna í leikskólunum var 1.083 og meðaldvalartími þeirra var um 7,68 klukkustundir á dag. Heildar stöðugildin í leikskólunum í október voru 252,36 og alls stöfðuðu 322 starfsmenn þar.

Leikskólinn Pálmholt hélt upp á 60 ára afmæli sitt þann 11. júní 2010. Skólinn efndi til metnaðarfullrar afmælisdagskrár og einnig var sextíu ára saga Pálmholts í máli og myndum kynnt á Amtsbókasafninu dagana 9.–30. júní.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði á árinu úttekt á starfi Íðavallar og voru niðurstöðurnar jákvæðar fyrir skólann.

Leikskólakennarar frá Akureyri sóttu norræna leikskólaráðstefnu sem haldin var í Västerås í Svíþjóð dagana 7. og 8. október. Ráðstefnan bar heitið „Språk- och matematikutveckling i förskolan“ og fólst í fyrirlestrum, skólaheimsóknum og vinnusmiðjum.

Það var mikill stöðugleiki í starfsmannahaldi í leikskólunum og starfsmenn skólanna hafa lagt sig fram við að standa vörð um hagsmuni og velliðan barnanna á þessum óvissutímum í samfélaginu og þeir hafa staðið fyrir faglegu og metnaðarfullu leikskólastarfi.

Hver leikskóli gerir sína ársskýrslu og hægt er að skoða þær á heimasíðum leikskólanna.

Í desember voru starfandi 35 **dagforeldrar** og hjá þeim dvöldu alls 154 börn. Þar af var kostnaður niðurgreiddur fyrir 148 börn. Niðurgreitt var fyrir 124 börn giftra foreldra og foreldra í sambúð, 16 börn einstæðra foreldra

og 10 börn foreldra sem báðir voru í námi. Alls voru 2 börn hjá dagforeldrum sem eru ekki með lögheimili í bæjarfélaginu.

Á árinu 2010 létu fimm dagforeldrar af störfum og tveir fóru í ótímabundið leyfi, tveir nýir dagforeldrar tóku til starfa. Námskeið fyrir verðandi dagforeldra var haldið í september og október. Kennarar voru 70 kennslustundir. Þátttakendur á námskeiðinu voru 12. Starfsdagur dagforeldra var haldinn föstudaginn 1. október. Fjallað var um slysavarnir og öryggi barna og var kennari Herdís Storgaard. Efnið var samkennt á námskeiði fyrir verðandi dagforeldra.

Grunnskólar Akureyrarbæjar voru 9 á árinu og einn sérskóli, Hlíðarskóli. Í skólunum stunduðu 2.574 nemendur nám, þar af voru 55 nemendur skráðir í sérdeildir eða Hlíðarskóla. Flestir voru nemendurnir í Lundarskóla, 489, og fæstir í Grímseyjarskóla, 10.

Á öðru starfsári Naustaskóla hófu 198 nemendur nám í 1. – 8. bekk. Vegna þess að Naustaskóli er að bæta við sig einum árgangi á ári til ársins 2012 veldur það mikilli hreyfingu nemenda frá Brekkuskóla og Lundarskóla. Þetta veldur ákveðnum breytingum í mannhaldi sem þeir skólar verða að laga sig að næstu tvö árin.

Skólaárið hófst að þessu sinni með fræðslu til allra starfsmanna grunnskólanna um lýðræði í skólastarfi og nemendabátttöku. Var fræðslufundurinn haldinn í Hofi og var því hægt að bjóða öllum starfsmönnum á sama tíma sem var mjög áhrifaríkt.

Unnið hefur verið að fjölmörgum þróunarverkefnum á undanförmum árum og hafa mörg verkefnanna fengið sérstaka fjárstyrki en svo var ekki á þessu ári. Þrátt fyrir það var áfram unnið ötullega að verkefnum en þau helstu voru:


- Uppbygging og innleiðing agastjórnarkerfa sem byggja á viðurkenndum og þekktum aðferðum
- Byrjendalæsi sem allir grunnskólarnir eru nú þátttakendur í
- Orð af orði er lestarkennslaöferð hugsuð fyrir miðstíg og sérstaklega ætluð til að auka á orðaforða nemenda
- Einstaklingsmiðað og fjölbreytt námsmat þar sem leitað er leiða til að þróa námsmat skólanna þannig að það endurspegli betur áhuga, skilning, getu og þekkingu hvers nemanda
- Teymiskennsla og einstaklingsmiðaðir kennsluhættir en þar er lögð áhersla á að kennarar kenni meira saman til að auka möguleika til fjölbreyttra kennsluhátta og skipulags sem geta tekið mið af áhuga, getu og þörfum nemenda
- Sjálfsmat skóla þar sem skólar þróa aðferðir til að viðhafa sjálfsmat sem reglulegan þátt í skólastarfi sem leiðir af sér útbótatilögur.





Apríl 2008

Starfsmannakönnun var gerð í grunnskólum bæjarins á vorönn 2010. Í meginatriðum varð ekki annað séð en að kennarar væru ánægðir með skólann sem vinnustað þrátt fyrir að þeir teldu sig ekki eiga mikla hlutdeild í ákvörðunum innan skóla né þeim falin forysta um fagleg mál. Kennarar virtust ánægðir með þær nýjungar sem unnið var að í þeirra skóla, þeir sögðu tekið af mikilli festu á málum í skólanum og voru ánægðir með faglega stefnu skólustjóra.




Kennarar voru almennt sammála því að nemendum líði vel í skóla sínum og þeir hefðu jákvætt viðhorf til skólans en hins vegar mátu einungis 50% kennara það svo að nemendur hefðu mikinn metnað í námi.

Almennt virtust kennarar hafa mjög jákvætt viðhorf til faglegs starfs í skóla sínum. Þeir sögðu að skólinn legði mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda, þeir voru sammála því að kennarar öxluðu sameiginlega ábyrgð gagnvart nemendum og skólinn legði mikla áherslu á að starfsfólk sýndi nemendum gott fordæmi. Almennt virtust kennarar hafa jákvætt viðhorf til samskipta við foreldra. Eins og í fyrri könnunum sögðu yfir 80% kennara samstarfið við foreldra ánægjulegt en um leið vildu flestir aukna þátttöku foreldra í skólastarfinu og voru yfir 80% þeirra sem tóku afstöðu þeirrar skoðunar að aukin þátttaka foreldra myndi hraða umbótum í skólastarfi. Skýrsluna í heild má nálgast á <http://skoladeild.akureyri.is>.

Könnun var gerð meðal nemenda í 8.-10. bekk í grunnskólum Akureyrarbæjar vorið 2010. Helstu niðurstöður voru þær að nemendum virtist líða vel í skólanum og þeir voru ánægðir með skólann sinn.

Áhugi á námsgreinum



Hlutfallslega fleiri nemendur í 9. og 10. bekk sögðust ánægðir með skólann sinn en nemendur í 8. bekk. Innan við helmingur nemenda sagði hins vegar að það væri gaman í skólanum og að þar væri friður til að læra. Marktæk tengsl voru á milli bekkjar og viðhorfs nemenda til þess hversu gaman var í skólanum og hvort friður væri til að læra. Viðhorf nemenda 10. bekkjar virtust almennt jákvæðari til skóla síns en nemenda í 8. og 9. bekk. Mestur áhugi meðal nemenda var á íþróttum, verkgreinum og ensku en minnstur áhugi á dönsku og íslensku. Mikill meirihluti nemenda taldi sig hafa mikinn metnað til að standa sig vel í námi og að gerðar væru miklar kröfur til þeirra í skólanum. Ef marka má afstöðu nemenda til krafna sem til þeirra voru gerðar virðast þær aukast í elstu bekkjum skólanna.

Niðurstöður bentu til að nemendur fengu lítt að vera með í ráðum við að skipuleggja eigið nám. Langflestir nemendur töldu að þeir fengu góða kennslu í sínum skóla og að kennarar hefðu metnað fyrir þeirra



hönd en tæplega helmingur nemenda sagði hins vegar starfið í skólanum fjölbreytt. Yfir 40% sögðu að lítil áhersla væri lögð á samvinnu nemenda í kennslustundum og mikill meirihluti nemenda sagðist sjaldan vera í hópastarfi í kennslustundum. Ef marka má niðurstöður virtust kennarar vera mjög sparir á hrós við nemendur sína, svo og nemendur hver við annan. Foreldrar virtust umbuna börnum sínum með hrósi. Skýrsluna í heild má nálgast á <http://skoladeild.akureyri.is>.

Skólanefnd taldi mjög mikilvægt að uppfylla ákvæði um viðurkenningar í skólalastefnunni nú þar sem athyglin hefur bæst í ríkari mæli að því sem miður hefur farið í samfélaginu. Því var talin ástæða til að beina athyglinni að því sem vel væri gert og byggir að mestu á áhuga og vilja einstaklinganna til að gera sem best úr því sem þeir hafa.

Laugardaginn 5. júní 2010 bauð skólanefnd til uppskeruhátíðar í Listasafninu í fyrsta skipti, þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur, starf, áhuga og vilja.

PMT-Foreldrafærni og SMT-Skólafærni

Þrjú grunnskólar, Síðuskóli, Oddeyrarskóli og Lundarskóli, og átta leikskólar, Kíðagil, Flúðir, Holtakot, Lundarsel, Sunnuból, Síðusel, Pálmholt og Hlíðaból vinna nú eftir leiðum SMT-styðjandi skólafærni. Skólarnir eru á misjöfnum stað í innleiðsluferlinu en stefnt er að því að fyrstu skólarnir verði sjálfstæðir SMT-skólar bráðlega.

Fjórir fagaðilar sóttu meðferðarmentunarnám hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem mun verða mikill styrkur við þá tvo fagaðila sem hafa lokið meðferðarmentunarnáminu.

Haldin voru tvö grunnenntunarnámskeið á árinu og hafa nú samtals 103 fagaðilar á Akureyri lokið grunnenntun á sjö námskeiðum, þar af 25 grunnskólakennarar og 44 leikskólakennarar. Einnig hafa félagsráðgjafar, iðjubjálfar, hjúkrunarfræðingar, kennsluráðgjafar og námsráðgjafar lokið grunnenntun PMT á Akureyri auk fólks úr Skagafirði, frá Þórshöfn og Fljótisdalshéraði. Markmið grunnenntunar er að efla færni þessara fagstétta í PMT-ráðgjöf og meðferð vegna hegðunarferðleika. Fólkið er flest starfandi innan SMT-skólafærni skólanna og nýttist þekking þess því mjög vel í skólasamfélaginu.

Fjögur foreldranámskeið voru haldin á árinu, eitt námskeið sérstaklega fyrir foreldra barna með ADHD sem styrkt var af félagsmálaráðuneytinu. Samtals luku þessum námskeiðum 47 foreldrar 27 barna. Alls hafa 122

foreldrar 72 barna lokið foreldranámskeiðum síðan 2007 og telja 95% foreldrana að þeir hafi haft mikið gagn af námskeiðunum.

Í lok árs voru 13 fjölskyldur í PMT-meðferð en samtals hafa 27 foreldrar lokið PMT-meðferð. Einnig luku fjórar fyrstu fjölskyldurnar PMT-O meðferð fyrir foreldra unglinga, sem er tilraunaverkefni í samvinnu við Barnaverndarstofu og sex aðrar fjölskyldur voru í meðferð á árinu.

Tónlistarskólinn á Akureyri hóf störf sín í nýju og glæsilegu húsnæði á efstu hæð menningarhússins Hofs haustið 2010. Starfsárið hófst með samstarfstoneikum Tónlistarskólans á Akureyri, Tónlistarskóla Eyjafjarðar og Menningarfélagsins þar sem nemendur skólans fengu tækifæri til þess að leika með söngkonunni Lay Low. Tónleikarnir voru tvíteknir sökum góðrar aðsóknar og var þeim útvarpað beint á Rás 2. Einnig komu nemendur skólans fram á hátíðar- og opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson flutti meðal annars Píanókonsert eftir Grieg. Um 58 nemendur skráðu sig í áfangapróf í ár en það er rúm tvöföldun á fjölda prófa á tveimur árum. Fjöldi námsgreina við skólann var um 40 og haldnir voru um 90 tónleikar viðsvegar um bæjarfélagið á árinu.

Skólinn hefur, auk samstarfsins við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, haldið áfram ánægjulegu samstarfi við Leikfélag Akureyrar og Point Dansstúdíó en meðal verkefna sem þessar þrjár stofnanir standa að saman má nefna nýstofnaðan Sambaskóla. Tilgangurinn með Sambaskólanum er að búa nemendur undir hátíðarhöldin á 17. júní og standa vonir til þess að sannkölluð karnivalstemming muni ríka á Akureyri með dansi og söng næsta sumar.

Húsnæði Tónlistarskólans í Hofi felur í sér mikla möguleika og ber þar einna hæst hið nýútbúna hljóðver skólans. Skólinn mun haustið 2011 hefja kennslu í hljóðupptökum og munu nemendur einnig fá að nýta sér hljóðverid í námi sínu. Nemendur og kennarar skólans fagna þeirri frábæru aðstöðu sem skólinn hefur eignast í menningarhúsinu og sjá fram á bjarta tíma í Hofi.

Útgáfumál

Skóladeild heldur úti vefsíðu <http://skoladeild.akureyri.is> þar sem finna má allar helstu upplýsingar um það sem er að gerast í skólamállum hjá Akureyrarbæ og allt sem gefið hefur verið út af skýrslum og öðru skyldu efni. Þá gefur skóladeild út rafræna ritið Skóla-akur sem kemur út annan hvern fimmtudag í september til maí ár hvert.



Starfsmannabjónusta

Starfsmannabjónusta annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda sveitarfélagsins um kjaramál, starfsmannamál og ráðningar. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd mannauðsstefnu Akureyrarbæjar, kjarabróun og fræðslumálum starfsmanna.

Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2010 er að finna í eftirfarandi töflu:

	Fjöldi	Konur	Karlar
Launþegar	3.525	2.263	1.262
Samtals greidd laun í milljónum króna	6.226	4.282	1.954
Ársverk	1.505	1.091	414
Starfsumsóknir			
Fjöldi umsækjenda alls	2.568	1.022	1.546
Umsóknir um sumarvinnu	661	231	430
Ráðnir í sumarvinnu	475	225	250
Ráðnir til vinnu í atvinnuátaki	207	130	77
Ráðnir í sumarvinnu fatlaðra	55	36	19
14 ára í vinnuskóla	212	111	101
15 ára í vinnuskóla	179	101	78
16 ára í vinnuskóla	174	97	77

Boðin var sumarvinnu fyrir unglinga árið 2010 eins og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14–15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 klukkustundir á dag í 6 vikur, samtals 72 klukkustundir. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 6 stunda vinnu á dag í 6 vikur, samtals 144 klukkustundir. Unglingar 14-16 ára unnu 4 daga í viku, ekki var unnið á föstudögum. Atvinnuláusu skólafólki var boðin sumarvinna í 4 vikur, 7 tíma á dag, samtals 140 klukkustundir.

Innleiðingu á SAP mannauðskerfinu lauk formlega á vordögum 2010 og um haustið var unnið að fyrstu uppfærslu kerfisins. SAP mannauðskerfið er samheiti yfir nokkur kerfi sem innleidd hafa verið hjá Akureyrarbæ. Þetta eru launakerfi, ráðningarkerfi, námskeiðskerfi, skrifborð stjórnandans, skjalaskápur og íbúa- og starfsmannavefurinn www.eg.akureyri.is. Mannauðskerfið viðheldur og kemur skipulagi á upplýsingar um starfsfólk sveitarfélagsins og eykur þannig yfirsýn stjórnenda. Kerfið nýtist einnig sem tæki til að skipuleggja starfsþróun starfsfólks, s.s. með skipulagningu á símenntun og starfsmannasamtölum.

Innleiðing og viðhald á vaktaskipunarkerfinu Time Care hélt áfram hjá stofnunum Akureyrarbæjar. Um er að ræða hugbúnað sem auðveldar stjórnendum og starfsmönnum skipulagningu vinnutíma og frítíma. Lögð er áhersla á sveigjanlegan vinnutíma þar sem jafnvægi ríkir milli vinnu og einkalífs um leið og stuðlað er að aukinni framleiðni á vinnustund. Haldið var áfram með innleiðingu á tímastjórnunarkerfinu My TimePlan í stofnunum Akureyrarbæjar og nýjar viðbætur teknar í notkun. Kerfið hefur m.a. það að markmiði að veita stjórnendum daglega yfirsýn yfir lykilupplýsingar eins og stöðu fjarvista, yfirvinnu og þess háttar og auka upplýsingaflæði til starfsmanna. Viðveruskráning og tímastjórnun eru meðal annarra nýjunga sem gefa stjórnendum tækifæri til að sjá hvern dag fyrir sig, áætla mönnun, sjá mætingu og stöðu hvers starfsmanns m.t.t. vinnuskyldu og unninna klukkustunda. Með tilkomu viðveruskráningar getur starfsfólk skráð viðveru sína og stjórnendur fylgst betur með. Kerfið keyrir viðveruskráningu og vaktaplan og reiknar út tíma til launa yfir í SAP. Stjórnendur geta skoðað vinnuyfirlit fyrir launatímabil niður á hvern starfsmann og einnig hefur starfsfólk aðgang að vaktaplani sínu og mætingu með því að skoða viðveruskráningu sína. Hver starfsmaður hefur sinn aðgang að MyTimePlan og getur nálgast þar upplýsingar um vaktaplan sitt, viðveruskráningu þar sem við á og stöðu sína m.t.t. vinnuskyldu og vaktaplans og hvað hver dagur gefur í tímum talið.

Uppsetning gæðahandbókar fyrir starfsmannabjónustu hélt áfram á árinu 2010. Markmiðið með gæðahandbókinni er að samræma vinnubrögð með því að skrásetja vinnuferla og leiðbeiningar. Gæðahandbókin er í sífelldri þróun á deildinni og árangur þessarar vinnu hefur sýnt sig í samræmdari og markvissari vinnubrögðum starfsmanna.

Í nóvember hóf starfsfólk starfsmannabjónustunnar nám í Launa-skólanum sem er 84 stunda námskeið fyrir launafulltrúa og þá sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og sveitarfélögum. Námsleiðin





Mars 2010

var hönnuð í samstarfi við fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga á vettvangi fræðslusetursins Starfsmenntar.

Starfsmannaþjónustan heldur úti þremur upplýsingamiðlum fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Þeir eru starfsmannahandbók og stjórnendahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar og starfsmannavefurinn: <http://eg.akureyri.is>.

Starfsmannavefurinn veitir starfsfólki aðgang að einstaklingsbundnum upplýsingum sem skráðar eru í SAP mannauðskerfið. Þar getur starfsfólk m.a. skoðað launaseðla sína, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga. Upplýsingar, s.s. starfsmannalista fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, afmælisbörn dagsins og lista yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ, er einnig að finna á vefnum. Auk þessa getur starfsfólk skoðað reikninga, sem gefnir eru út af Akureyrarbæ, s.s. leikskólajöld og fasteignagjöld.

Starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar er aðgengileg á vefnum: www.akureyri.is/starfsmannahandbok og þar er hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega birtar fréttir er varða starfsfólk Akureyrarbæjar. Stjórnendahandbók er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is/stjornendahandbok. Handbókin er upplýsingaveita til stjórnenda.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar, Innanbæjarkrónikan, var gefið út 6 sinnum árið 2010. Innanbæjarkrónikan inniheldur fræðandi upplýsingar fyrir starfsfólk um ýmis málefni og kynnrir fyrir starfsfólki ólíka starfsemi sveitarfélagsins. Innanbæjarkrónikunni er dreift á kaffistofur stofnana bæjarins auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.

Þjónustustefna Akureyrarbæjar var samþykkt í bæjarstjórn 2. febrúar 2010. Ráðist var í gerð stefnunnar í beinu framhaldi af vinnu við nýja mannaúðstefnu bæjarins en eitt af markmiðum hennar var að bærin setti sér þjónustustefnu sem starfsfólk hefði að leiðarljósi. Þjónustustefnan byggir á því að starfsfólk þekki hana og geti og vilji gera hana að sinni stefnu. Meginatriði stefnunnar koma fram í gildunum: Fagleg, lipur og traust, sem lýsa þjónustu starfsfólks Akureyrarbæjar. Skipaður var starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að innleiðingu þjónustustefnunnar og efndi hann meðal annars til samkeppni um tákni fyrir gildin fagleg, lipur og traust og gaf út veggspjald sem sent var til allra stofnana bæjarins.

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta fram á hverjum vinnustað en sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar hefur aukist undanfarin ár. Reglulega eru t.a.m. haldin nýliðanámskeið og þjónustunámskeið.

Að undanförunu hefur samstarf við fræðslusjóðina Sveitamennt og mannaúðssjóð Kjalar aukist mikið og hefur Akureyrarbær fengið fjölda styrkja úr þessum sjóðum til þess að sinna endurmenntunarþörfum starfsmanna sinna. Sem dæmi um námskeið, sem haldin hafa verið með stuðningi frá fræðslusjóðunum, má nefna skyndihjálparnámskeið, þjónustunámskeið og gæðastjórnunarnámskeið. Auk þess hafa fræðslusjóðirnir styrkt verkefnið Markviss hjá allmörgum stofnunum innan Akureyrarbæjar, sem felst í því að unnin er greining á fræðsluþörfum fyrir vinnustaðinn, stofnaður stýrihópur sem bæði starfsmenn og stjórnendur skipa og ýmsar aðferðir notaðar til að virkja starfsfólk til að leggja mat á fræðsluþarfir. Í lok Markviss-verkefnis liggur fyrir fræðsluáætlun fyrir vinnustaðinn og hafa stofnanirnar einnig fengið styrki frá fræðslusjóðunum til að framkvæma áætlunina.

Að verða hluti af heild er yfirskrift námskeiðs sem haldið var fyrir skólalíða, matríða, húsverði, stuðningsfulltrúa og fleira starfsfólk grunnskóla Akureyrar um miðjan ágúst og tóku um 140 starfsmenn þátt í því. Námskeiðið skiptist í tvo hluta, annars vegar hópefli þar sem lögd var áhersla á starfsandann, hópinnu og einstaklingsframta og hins vegar tölvufræðslu, upplýsingalæsi, kennslu á starfsmannavef Akureyrarbæjar, vefpóst og hvernig nota á veraldarvefinn. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og fræðslusjóðirnir Sveitamennt og mannaúðssjóður Kjalar veittu báðir styrk í verkefnið.

Hjá Akureyrarbæ starfa yfir 80 stjórnendur og heldur starfsmannaþjónustan utan um stjórnendafraeðslu fyrir þennan hóp. Markmið stjórnendafraeðslunnar er að styrkja stjórnendur í starfi. Fræðsludagatal er að finna í stjórnendahandbók á vef Akureyrarbæjar og þar eru tiltekin þau námskeið sem haldin verða á næstunni. Auk ýmissa námskeiða voru tveir starfsdagur stjórnenda haldnir á árinu þar sem stjórnendur komu saman til að ræða sameiginleg verkefni og fengu fræðslu um sameiginleg málefni.





Maí 2007

Öldrunarheimili

Á öldrunarheimilum Akureyrar er fjölbreytt mannlíf eins og fyrri daginn. Um 400 manns fengu þjónustu á ÖA á síðasta ári, íbúar, fólk í skammtímadvöl og í dagþjónustu. Það er stór hópur fólks sem býr, starfar eða heimsækir öldrunarheimilin á ári hverju. Með starfsmönnum, aðstandendum og hinum ýmsu gestum (t.d. mörgum tugum leikskólakabarna) eru það langt á annað þúsund manns. Umsvifin eru því mikil. Þar getur allt gerst sem gerist í daglegu lífi í venjulegu þorpi eða kaupstað á Íslandi. Þar er hlátur og grátur, gleði og sorg, vinátta og væntumþykja, skipulagðir atburðir og alls kyns óvæntar upptökum – allt eftir líðan og stemningu á hverjum tíma.

Ríkisvaldið fækkaði um 3 hjúkrunarrými á ÖA í fjárlögum 2010 en í staðinn tókst að fjölga dvalarrýmum um 3 þannig að áfram voru rekin 195 rými á ÖA. Í Hlíð, Kjarnalundi og Bakkahlíð búa 186 íbúar á hverjum tíma, 62 nýir íbúar fluttu inn á heimilin á árinu. Auk þess eru í Hlíð 7 rými og í Kjarnalundi 2 rými fyrir skammtímadvöl, þ.e.a.s. fólk í tímabundinni hjúkrun og endurhæfingu sem fer síðan heim aftur. 73 nýttu sér þessa þjónustu á árinu, margir nokkrum sinnum. Með aukinni áherslu á að fólk geti búið sem lengst í heimahúsum er vaxandi þörf fyrir skammtímadvöl. Í árslok voru um 40 manns á biðlista eftir skammtímadvöl. Biðlisti eftir fastri búsetu á ÖA fór einnig vaxandi þegar leið á árið og voru 19 einstaklingar á biðlista um síðustu áramót.

Í Hlíð er sértæk dagþjónusta sem hefur að markmiði að auðvelda öldruðum sem þurfa eftirlit og umsjón að búa sem lengst á eigin heimili. Leyfi er fyrir 16 dagþjónusturýmum en auk þess sér Hlíð um rekstur eins dagþjónusturýmis fyrir Eyjafjarðarsveit. Mikil aðsókn er að dagþjónustunni og nýttu 56 einstaklingar sér þjónustuna 2010, 36 konur og 20 karlar. Að meðaltali nýta 40 manns dagþjónustuna í Hlíð yfir vikuna.

Starfsmannalán leikur enn við ÖA. Með afleysingum störfuðu 416 starfsmenn í 203 stöðugildum á heimilunum á árinu 2010. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og er traust og reynslumikið starfsfólk ein stærsta auðlind öldrunarheimilanna. Starfsmenn hafa lagt hart að sér að veita góða og

einstaklingsmiðaða þjónustu þrátt fyrir mikið aðhald og niðurskurð síðustu ár og verður það seint metið sem skyldi.

Rekstur ÖA kostaði rúmlega 1,5 milljarð 2010. Mikil útsjónarsemi hefur verið í rekstri ÖA mörg undanfarin ár og brúðl útrásaráranna óþekkt. Áfram var leitað allra leiða til sparnaðar. Starfsfólki var ekki sagt upp en mikið aðhald var í yfirvinnu, kallað var út á hálfar vaktir í stað heilla á álagstímum, hagrætt á vöktum og deildir hafa hjálpast að. Ráðnir hafa verið 3 „flakkarar“ í hlutastörf til þess að hjálpa til á þeim deildum þar sem forföll eru mest á hverjum tíma. Vaktir hafa verið styttrar og nýráðningum seinkað eins og hægt er. Með þessari tilhögun og samstarfsvilja starfsmanna spöruðust 2.000 yfirvinnutímar á árinu miðað við árið 2009 auk 7.000 yfirvinnutíma sem spöruðust árið þar á undan. Þetta er gríðarlegur sparnaður og hefur starfsfólkið lagt hart að sér til þess að ná þessum árangri.

Þrátt fyrir sparnað og aðhald var áfram unnið að þróun þjónustunnar á öldrunarheimilunum. Innleiðing Eden–hugmyndafræðinnar hélt áfram en hún leggur áherslu á sjálfræði, aukin lífsgæði, fjölbreytileika og heimilisbrag. Hugmyndafræðin leggur ríka áherslu á virðingu, umhyggju og bros – þessir þættir í mannlegum samskiptum kosta ekki peninga en gefa lífinu gildi.

Öllu starfsfólki ÖA var boðið þriggja daga námskeið í Edenfræðum síðastliðið haust þar sem farið var ítarlega í gegnum Eden hugmyndafræðina. Grunnreglurnar voru kynntar og farið yfir gildi, síði og venjur sem eru á öldrunarheimilum og skoðað hvernig hægt er að breyta stofnun í heimili. Haldin voru sex þriggja daga námskeið. Sveitamennt, starfsmenntunarsjóður aðildarfélagi Starfsgreinasambands Íslands, styrkti námskeiðin og var það í fyrsta skipti sem Sveitamennt styrkir námskeið á vegum fyrirtækis. Áætlað er að halda árlega Eden-námskeið fyrir starfsmenn og dagsnámskeið fyrir íbúa og aðstandendur.

Á árinu var unnið að því að bæta hjúkrunarskráningu og nýta gæðavísa frá Landlækniseimbætti til umbóta. Umbótahópar voru stofnaðir og sérfræðingar fengnir til ráðgjafar. Á vordögum var síðan keypt forritið Ferlismiðjan sem heldur utan um staðlaðar hjúkrunargreiningar ásamt

tengdum hjúkrunar meðferðum. Gæðamarkmið voru sett og gæðavísar eru mældir þrisvar á ári. Auk þess að bæta gæði þjónustunnar gera þessar breytingar þjónustuna markvissari og auðvelda eftirfylgni og eftirlit.

Margs konar önnur fræðsla var í boði á ÖA. Fyrirlesarar komu úr ýmsum áttum og efnid var fjölbreytt. Öll fræðsla á ÖA er opin þeim sem áhuga hafa hvort sem það er starfsfólk, íbúar eða aðstandendur. Safnað hefur verið tölvupóstföngum aðstandenda og fá þeir upplýsingar með tölvupósti um fræðslu og annað sem er í boði. Þetta form hefur mælst vel fyrir og hefur verið góð þátttaka í fræðslunni hjá íbúum og aðstandendum.

Sem fyrr var leitað leiða til þess að auka fjölbreytni daglegs lífs á ÖA. Boðin var fjölbreytt tótmundaiðja s.s. handverk, upplestur, spurningahópar, leikfimi, spilavist, bingó, keila, skemmtanir tengdar árstíðum, kvennahlaup, ferðalög og kráarkvöld svo fátt eitt sé nefnt. Hefð er orðin fyrir að sýna handverk íbúa og dagþjónustugesta ÖA að vori og var engin undantekning á því þetta árið. Sú nýbreytni var að sýningin var í tveimur sölum, í öðrum nýtt handverk og í hinum gamalt handverk. Markaðstorg var haldið í nóvember en það var nú haldið í sjötta skipti. Þá koma verslanir og handverksfólk með varning sinn í Hlíð og bjóða til sölu. Listsýningar hafa verið haldnar nokkrum sinnum á ári í stóra matsalnum.

Mörg undanfarin ár hefur verið frábært samstarf við leikskóla bæjarins og heimsækja leikskólabörn frá nokkrum leikskólum allar deildir ÖA einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Þessum heimsóknum fylgir líf og fjör og njóta ungir og aldnir samverunnar. Einnig taka öldrunarheimilin þátt í samstarfsverkefni með Menntaskólanum á Akureyri, Eyjafjarðarprófastsdæmi og kirkjunum á Akureyri þar sem kynslóðirnar mætast, berast saman bækur sínar og njóta samvista.

Í gamla matsal starfsmanna í Hlíð hefur verið útbúið lítið kaffihús, Kaffi Sól. Þangað geta íbúar og aðstandendur komið einu sinni í viku og fengið sér kaffi og vöflur svipað og á öðrum kaffihúsum nema veitingar í kaffihúsinu eru í boði hússins. Kaffi Sól er afar vinsælt og er algengt að 40 – 50 manns skelli sér á kaffihúsið í hverri viku og ekki skemmir fyrir þegar vinur okkar frá Gilhaga mætir með nikkuna og fólk fær sér snúning í leiðinni.

Í sama rými er Sólskinsklúbburinn fyrir fólk með heilabilun. Í Sólskinsklúbbnum er unnið eftir hugmyndafræði Lífsneistans (The Spark of Life Concept) sem hefur það markmið að endurvekja lífsneistann hjá fólki með heilabilun. Klúbbstarf Lífsneistans hefur unnið til aðþjódlegrar viðurkenningar og er vandlega þróuð meðferð til að auka félagslega, tilfinningalega og sálræna vellíðan fólks með heilabilun. Starfsmenn hafa sjálfir útbúið margs konar litrík og skemmtileg spil og tæki til þess að nýta í klúbbstarfinu.

Sjálfbóðaliðar hafa um árabil sett svip á öldrunarheimilin og reynst ómetanleg og sérdeilis ánægjuleg viðbót við starfsemina. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum og eru alltaf áfúsugestir. Vinir Hlíðar er hópur fólks sem hefur hætt störfum á ÖA vegna aldurs eða veikinda en vill halda tengslum við gamla vinnustaðinn og aðstandendur sem halda tryggð við heimilin þrátt fyrir andlát sinna. Þau hafa m.a. staðið fyrir bíósýningum einu sinni í mánuði, farið með íbúa á samveru eldri borgara í Akureyrarkirkju, í ferðir o.fl. Sjálfbóðaliðar hafa komið í Smíðjuna til að leiðbeina og aðstoða. Rauði krossinn hefur aðstoðað við Kaffi Sól, boðið heimsóknarvini og heimsóknir með sérvalda hunda. Akureyrarkirkja hefur einnig boðið heimsóknarvini. Nemendur hafa sett svip sinn á heimilin vegna ýmiss konar samstarfsverkefna svo og ungt fólk í atvinnuáttakerfumnum. Auk þess hafa einstaklingar komið með myndasýningar og ýmsan fróðleik og skemmtun. Allt eykur þetta fjölbreytileika lífsins á ÖA og ber að þakka öllu þessu góða fólki.

Í samstarfi við Akureyrarstofu sóttu ÖA um styrk til Menningarráðs Eyþings til þess að útbúa verkefni á Akureyrarvöku í ágúst. Styrkur fékkst til verkefnisins og var sýningin „Ég man þegar...“ opnuð á afmælisdegi Akureyrarbæjar og Hlíðar 28. ágúst. Sýningin var samstarfsverkefni ÖA, Akureyrarstofu og Ásprents-Stíls. Tíu íbúar og dagþjónustugestir á ÖA sögðu frá minningabrotum sem tengdust Akureyri í þeirra ungdæmi. Minningabrotin voru fest við sérstaka stóla sem staðsettir voru í Pennanum og á Bláu könnunni. Gestir og gangandi gátu síðan yljáð sér við minningarnar með því að tylla sér niður á stólana og lesa minningabrotin.

Stofnað var aðstandendafélag við Öldrunarheimili Akureyrar 23. nóvember 2010. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna íbúa heimilisins og stuðla að því í samvinnu við heimilin að íbúar geti átt öruggt og ánægjulegt ævikvöld. Starfsmenn ÖA fagna stofnun félagsins og hlakka til samstarfsins.



Ágúst 2010



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2010

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga

Gunnar Jónsson

Unnsteinn Jónsson

Bæjarstjórn Akureyrar

Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar

Halla Björk Reynisdóttir

Oddur Helgi Halldórsson

Tryggvi Þór Gunnarsson

Hlín Bolladóttir

Índá Björk Gunnarsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Hermann Jón Tómasson

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Bæjarráð

Oddur Helgi Halldórsson formaður

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Halla Björk Reynisdóttir

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Sigurður Guðmundsson

(áheyrnarfulltrúi)

Hermann Jón Tómasson

(áheyrnarfulltrúi)

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

(áheyrnarfulltrúi)

FASTANEFNDIR

Félagsmálaráð

Índá Björk Gunnarsdóttir formaður

Dagur Dagsson

Anna Hildur Guðmundsdóttir

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Oktavía Jóhannesdóttir

Jóhannes Árnason til 16.11.2010

Jóhann Ásmundsson frá 16.11.2010

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Oddur Helgi Halldórsson formaður

Sigríður María Hammer

Silja Dögg Baldursdóttir

Sigfús Arnar Karlsson

Njáll Trausti Friðbertsson

Íþróttaráð

Nói Björnsson formaður

Silja Dögg Baldursdóttir

Þorvaldur Sigurðsson

Erlingur Kristjánsson

Helena Karlsdóttir til 21.12.2010

Árni Óðinsson frá 21.12.2010

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður

Þorsteinn Hjaltason

Baldvin Valdemarsson

Samfélags- og mannréttindaráð

Hlín Bolladóttir formaður

Tryggvi Þór Gunnarsson

Heimir Haraldsson

Anna Hildur Guðmundsdóttir

Guðlaug Kristinsdóttir

Skipulagsnefnd

Helgi Snæbjarnarson formaður

Haraldur Sveinbjörn Helgason

Eva Reykjálín

Sigurður Guðmundsson

Auður Jónasdóttir

Skólanefnd

Sigurveig Bergsteinsdóttir formaður

Preben Jón Pétursson

Herdís R. Arnórsdóttir til 22.7.2010

Sigrún Björk Sigurðardóttir frá 22.7.2010

Helgi Vilberg

Logi Már Einarsson

Stjórn Akureyrarstofu

Halla Björk Reynisdóttir formaður

Sigmundur Ófeigsson

Jón Hjaltason

Sigrún Stefánsdóttir til 21.12.2010

Helena Karlsdóttir frá 21.12.2010

Sóley Björk Stefánsdóttir

Stjórnsýslunefnd

Tryggvi Þór Gunnarsson formaður

Hlín Bolladóttir

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Umhverfisnefnd

Sigmar Arnarsson formaður

Hulda Stefánsdóttir

Petrea Ósk Sigurðardóttir

Björn Ingimarsson til 22.7.2010

Kolbrún Sigurgeirsdóttir frá 22.7.2010

Valdís Anna Jónsdóttir

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður

Friðný Sigurðardóttir

Gunnar Gíslason

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

Leifur Þorsteinsson

Kjarasamninganefnd

Halla Björk Reynisdóttir formaður

Hjalti Ómar Ágústsson

Hallgrímur Guðmundsson







Desember 2009



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

